



Ársskýrsla

2018-2019



Efnisyfirlit

Formáli	5
Hagnýtar upplýsingar	6
Stjórnskipulag	6
Starfsmenn	6
Nemendafjöldi.....	8
Húsnæði og húsbúnaður.....	8
Fjárhagsáætlun	8
Skólaakstur.....	9
Áherslur í skólastarfi	9
Teymisvinnan.....	9
Jákvæður agi	10
Starfsmannasáttmáli	10
Starfsþróun.....	11
Teymin	14
1. bekkur.....	14
Teymi 2.-3.....	15
Teymi 4.-5.....	18
Teymi 6.-7.....	20
8.bekkur.....	23
9. bekkur.....	28
10. bekkur.....	33
Skólaíþróttir, list og verkgreinar	39
Tónmennt / Sviðslistir	39
Lion King	Error! Bookmark not defined.
Stúlknakór Húsavíkur	40
Söngsalur.....	Error! Bookmark not defined.
Heimilisfræði	40
Smíðar	40
Textílmennt	41



Myndmennt	Error! Bookmark not defined.
Íþróttir	43
Litlu ólympíuleikarnir	44
Sund	46
Val	48
Stuðningur við nám	48
Aðrar skýrslur	2
Heimasíða og Mentor	2
Bókasafn	3
Námsráðgjöf	3
Heilsugæsla	3
Mötuneyti	4
Byrjendalæsi	4
Heilsueflandi skóli	4
Yndislestur	5
Sameiginlegir atburðadagar	5
Göngudagurinn	5
Jól í skókassa	5
Verkstæðisdagur	6
Litlu jólin	6
Útivistardagur	6
Nefndir og ráð	6
Samstarf skólans við aðrar stofnanir	9
Grænuvellir	9
Tónlistarskóli Húsavíkur	9
Grunnskólinn á Raufarhöfn	11
Reykjahlíðarskóli	11
Aðrir samstarfsaðilar	11
Áfangaskýrsla	12
Markmið	13
Umbótaáætlun	13
Umbótaáætlun hefur verið unnin í takt við ytri úttekt Menntamálastofnunarinnar.	13
Gæðagreinar	Error! Bookmark not defined.
Starfsmannasamtöl	1

Samræmd próf.....	1
Skólapúlsinn.....	1



Formáli

Ársskýrsla Borgarhólsskóla þjónar tvennum tilgangi. Annars vegar að miðla þekkingu um skólastarfið og kynna umbætur og þróun í skólastarfinu. Hins vegar að vera hluti af formlegu sjálfsmati skólans og þróunaráætlunum. Í grunnskólalögum, nr. 91/2008, 35. gr., er kveðið á um mat og eftirlit með gæðum starfs í grunnskólum. Þar segir meðal annars að mat og eftirlit skuli „veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.“ Ársskýrslan er því liður í þróun og vexti skólastarfsins. Að gerð skýrslunnar hafa komið skólastjórnendur, skólasafnskennari og deildarstjórar en umsjónarkennarar skrifuðu kafla um sína árganga og sérgreinakennarar um sitt starf.

Þrátt fyrir einhverjar takmarkanir þjónar ársskýrslan tilgangi sínum og er það von okkar að með henni sé stuðlað að markvissari upplýsingagjöf og enn betra skólastarfi.

Húsavík 13. júní 2019
Þórgunnur Reykjalín Vigfúsdóttir
skólastjóri



Hagnýtar upplýsingar

Stjórnskipulag

Við skólann er skólastjóri og þrír deildarstjórar.

Þórgunnur R Vigfúsdóttir skólastjóri. Kolbrún Ada Gunnarsdóttir deildarstjóri 1.-5. bekkjar 74% stjórnunarhlutfall. Hjálmar Bogi Hafliðason deildarstjóri 6.-10 bekkjar, 74 % stjórnunarhlutfall og Elsa Björk Skúladóttir deildarstjóri stoðþjónustu 74% hlutfall.

Starfsmenn

Nafn	Starfsheiti
Aðalheiður Tryggvadóttir	Skólaliði
Anna Björg Leifsdóttir	Umsjónarkennari
Anna Björg Pálsdóttir	Leiðbeinandi/iþróttir
Anna Harðardóttir	Námsráðgjafi
Arna Ásgeirsdóttir	Umsjónarkennari
Arna Þórarinsdóttir	Matráður
Arnór Aðalsteinn Ragnarsson	Leiðbeinandi
Arnþór Þórsteinsson	Stuðningsfulltrúi
Árný Björnsdóttir	Umsjónarkennari
Ásgerður Heba Aðalsteinsdóttir	Skólaliði
Ásta Magnúsdóttir	Tónmenntakennari
Berglind Hauksdóttir	Sérkennari
Björgvin Friðbjarnarson	Verkefnastjóri
Dagbjört Erla Gunnarsdóttir	Umsjónarkennari
Díana Jónsdóttir	Hjúkrunarfræðingur
Elín Pálmadóttir	Umsjónarkennari
Elísa Rún Jónsdóttir	Sérkennsla/Stuðningur
Elsa Björk Skúladóttir	Deildarstjóri stoðþjónustu
Eyrún Ýr Tryggvadóttir	Grunnskólakennari
Erla Kristín Hreinsdóttir	Starfsmaður í mötuneyti / í leyfi
Freyþór Hrafn Harðarson	Stuðningsfulltrúi
Guðrún Einarsdóttir	Framhaldsskólakennari
Guðrún Gísladóttir	Stuðningsfulltrúi
Guðrún Kristinsdóttir	Umsjónarkennari
Guðrún Margrét Einarsdóttir	Sérkennari
Guðrún Sædís Harðardóttir	Umsjónarkennari
Hafþór Hreiðarsson	Skólaliði
Halla Rún Tryggvadóttir	Grunnskólakennari
Harpa Ásgeirsdóttir	Umsjónarkennari
Heiða Guðmundsdóttir	Verk- og listgreinakennari
Heiðurún Georgsdóttir	Starfsmaður í mötuneyti
Helga Björg Pálmadóttir	Umsjónarkennari
Helga Dagný Einarsdóttir	Verk- og listgreinakennari
Hjálmar Bogi Hafliðason	Deildarstjóri 6.-10. bekkjar
Ingólfur Jónsson	Verk- og listgreinakennari
Iris Myriam Waitz	Iðjupjálfi



Jakobína Gunnarsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Jóhanna Guðjónsdóttir	Umsjónarkennari
Jóna Björg Pálmadóttir	Stuðningsfulltrúi
Jóna Björk Gunnarsdóttir	Leiðbeinandi/íþróttir
Jóna Kristín Gunnarsdóttir	Grunnskólakennari
Jóna Óskarsdóttir	Skólaliði
Karen Erludóttir	Leiðbeinandi
Karin Gerhartl	Verk- og listgreinakennari
Karólína Skarphéðinsdóttir	Grunnskólakennari
Katla Dröfn Sigurðardóttir	Stuðningsfulltrúi
Kiddý Hörn Ásgeirsdóttir	Umsjónarkennari
Kolbrún Ada Gunnarsdóttir	Deildarstjóri 1.-5. bekkjar
Kristín Helgadóttir	Umsjónarkennari
Kristjana Eysteinsdóttir	Umsjónarkennari
Lilja Friðriksdóttir	Umsjónarkennari
Linda Arnardóttir	Skólaliði
Magnea Dröfn Arnardóttir	Stuðningsfulltrúi
Magnús P. Magnússon	Bókasafn
Natalia Maria Pasternak	Skólaliði
Pálmi Björn Jakobsson	Skólaritari
Sigríður Hörn Lárusdóttir	Matráður / í leyfi
Sigríður K. Sigvaldadóttir	Skólaliði
Sigrún Hildur Erlingsdóttir	Starfsmaður í mötuneyti
Sigrún Jóna Héðinsdóttir	Starfsmaður í mötuneyti
Sigurveig Rakei Matthíasdóttir	Stuðningsfulltrúi
Sóley Sigurðardóttir	Umsjónarkennari
Sólveig Guðmundsdóttir	Skólaliði
Sveinn Birgir Hreinsson	Húsvörður
Sylvía Smáradóttir	Leiðbeinandi list- og verkgreinar
Sædís Rán Ægisdóttir	Stuðningsfulltrúi
Unnur Sigurðardóttir	Umsjónarkennari
Þorbjörg Arna Unnsteinsdóttir	Leiðbeinandi
Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Skólastjóri

Stöðugildi til almennrar kennslu voru miðað við tíma kennsluskyldu.

- 1 húsvörður 1,0 stöðugildi
- 6 skólaliðar 5,6 stöðugildi
- 1 námsráðgjafi 0,8 stöðugildi
- 2 þroskaþjálfar í 1,5 stöðugildum
- 1 iðjuþjálfari 0,90 stöðugildi
- 7 stuðningsfulltrúar 5,40 stöðugildi
- 1 sérkennari í 80% starfi stærstan hluta árs



Nemendafjöldi

	Drengir	Stúlkur	Alls
1. bekkur			23
2. bekkur			20
3. bekkur			32
4. bekkur			28
5. bekkur			32
6. bekkur			33
7. bekkur			30
8. bekkur			28
9. bekkur			23
10. bekkur			29
	Drengir: 136	Stúlkur: 142	Alls: 278

Húsnæði og húsbúnaður

Eldhús var byggt við skólann og tekið í notkun 5 janúar 2014. Þá var inngönguleið í Salinn breytt og gömlu búningsherbergin og sturturnar sem voru geymslur teknar og þannig opnuð bein leið til Salarins. Borgarhólsskóli er í góðu húsnæði sem þó þarfnast orðið verulegs viðhalds þess fyrir utan en ekkert viðhald var á þessu skólaári. Þá þarfnast skólalóðin betri og meiri umönnunar. Skólinn fékk eitt nýtt leiktæki á skólalóðina sem er hjólabraut og var sett niður á steypa völinn, austan megin við húsið.

Húsgagnakaup

2014- 30 stólar og borð fyrir 1. bekk
 32 stólar og borð fyrir unglingastig
 2015 30 stólar fyrir unglingastig
 2016- 60 stólar og borð fyrir 4.-5.bekk
 2018- 62 stólar og borð fyrir 6.-7.bekk
 2019- 30 stólar og borð f. unglingastig

Fjárhagsáætlun

Forföll/leyfi og lengri veikindaleyfi voru mikil þetta skólaár, mun meiri en áður og hafa haft veruleg áhrif á fjárhagsáætlun skólans. Alls voru 10 starfsmenn frá í 58 mánuði sem var kostnaður upp tæpar 40 milljónir. Þegar afleysingar eru af mjög skorum skammti leiðir af sjálfu sér að álag á aðra starfsmenn eykst. Aðdáunarvert er hve starfsmenn hafa almennt tekið þessu vel og gert sitt besta til að leysa málin.

Það tíðkast víða sem leið til sparnaðar að kennarar semji við aðra kennara um vinnuskipti með vitund og samþykki skólastjóra slíkt var nýtt hér auk annarra forfalla. Þá gátu starfsmenn safnað sér inn leyfi í stað þess að fá yfirvinnu greidda, allt að fimm dögum.



Skólaakstur

Skólastarf hefst alla daga klukkan 08.15.

Skólabíll sækir nemendur sem hér segir:

Litlu-Reykir 7:38

Reykjavellir 7:40

Skógar 7:45

Einarsstaðir 7:47

Skarðaborg: 7:51

Laxamýri ytra hús 7:56

Saltvík: 8:01

Skólabíll fer frá Borgarhólsskóla sem hér segir:

Mánudaga..... 15.10

Þriðjudaga..... 15.10

Miðvikudaga..... 14.30

Fimmtudaga..... 15.10

Föstudaga..... 14.00

Skólabílinn kemur og fer frá stóra bílastæðinu norðan við skólann og er staði hans merkt. Heimför skólabíls miðast við stundatöflu þess nemenda sem hefur lengstan skóladag. Fjallasýn sér um skólaakstur.

Áherslur í skólastarfi

Teymisvinnan

Með teymiskennslu er átt við að tveir eða fleiri kennarar vinni saman að kennslu í sama rými. Umsjónarkennarar/kennarar í teyminu bera sameiginlega ábyrgð á kennslunni og skipulagi hennar og njóta liðsinnis stuðningskennara og/eða stuðningsfulltrúa sem eru þátttakendur í teyminu. Teymiskennslan var með ýmsu sniði, algengt var að kennararnir í teyminu deildu með sér kennslu allra nemendanna en einnig var nemendum gjarnan skipt í mismunandi hópa eftir námsþörfum eða náms efni.

Markmið með teymiskennslunni er að efla skólastarfið enn betur en ótal kennslufræðileg- og félagsleg rök mæla með þessum kennsluháttum. Má þar nefna meiri sveigjanleika og fjölbreytni í verk efnum og kennsluaðferðum, meiri samvinnu og samhæfingu kennslu í árganginum, auðveldara er að koma til móts við námsþarfir hvers nemanda, nemendur fylgjast með góðum samskiptum kennaranna og upplifa jákvæða fyrirmynd í samskiptum fullorðinna. Kennsluáætlun heldur sér þótt einn kennara vanti og forfallakennari komi í hans stað og fjölbreyttari félagahópur getur leitt til meiri samheldni innan nemendahópsins. Fjárhagsleg rök eru einnig fyrir hendi því nýting á starfsfólki



skólans verður hagkvæmari auk þess sem skólahúsnaðið er betur nýtt. Ókostir við teymiskennsluna eru að skipulag er þyngra í vöfum og að ýmsu leyti tekur það lengri tíma, auk þess sem sumum nemendum finnst erfitt að vinna í áreiti sem kanna að fylgja stórum nemendahópum.

Jákvæður agi

Heiða Guðmundsdóttir er verkefnastjóri í 20% hlutfalli.

Um verkefnastjóra segir í kjarasamning grunnskólakennara:

VERKEFNASTJÓRI 1

Uppfyllir skilyrði sem grunnskólakennari og er í 20% - 49% verkefnastjórn. Grunnlaunaf. 238.

Næsti yfirmaður: Skólastjóri, staðgengill skólastjóra eða annar aðili sem skólastjóri ákveður.

Starfssvið: Starfar samkvæmt lögum og reglugerð um grunnskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá grunnskóla og stefnu viðkomandi sveitarfélags.

Meðal verkefna sem falla undir starfsheitið: Tölvuumsjón, árgangastjórn, fagstjórn, stjórnun skólaþróunarverkefna og annað sem skólastjórnendur telja þörf á og felur ekki í sér mannaforráð. Skipulagning og stjórnun viðkomandi verkefnis í samráði við skólastjóra Áætlanagerð, mat og skýrslugerð sem tengist verkefninu. Leiðbeiningar og ráðgjöf til þeirra sem í hlut eiga.

Tekur þátt í samstarfi við aðrar stofnanir og aðila sem tengjast verkefninu í samráði við skólastjórnendur. Situr starfsmannafundi og aðra fundi er yfirmaður segir til um og varða viðkomandi verkefni.

Annað: Starf verkefnastjóra er alltaf tímabundið, þó aldrei skemur en til eins skólaárs í senn. Starf verkefnastjóra getur verið allt frá því að vera starf með öðru starfi (lítið verkefni) upp í að vera fullt starf.

Markmið til lengri tíma er að allir starfsmenn skólans verði færir um að nýta sér verkfæri jákvæðs aga og að jákvæður agi verði allt um lykjandi.

Áherslur og markmið skólaársins:

- Stefnt á foreldranámskeið
- Mæta á fundi samráðshóps fyrir JA skóla á Norðurlandi
- Græja sameiginlegt svæði þar sem við söfnum saman öllu sem við erum að vinna – þar sem það eru ekki allir með aðgang að dropboxinu
- Fara inn á teymisfundi 1x í mánuði með ákveðin verkefni til að efla kunnáttu starfsfólks.
- Auka gildi jákvæðs agi hjá sérgreinakennurum
- Rifja upp grundvallaratriði varðandi hugmyndafræði stefnunnar.
- Búa til heildstæða dagskrá fyrir 1.bekk –sem keyrð er á hverju ári.
- Senda upprifjunarpakka fyrir önnur teymi – æfingar úr handbókinni.


Starfsmannasáttmáli

Starfsmannasáttmállinn var tekin upp í upphafi skólaárs. Starfsfólk valdi að vinna með „*tökum ábyrgð á því sem við segjum og gerum því við höfum áhrif á líðan annarra með framkomu okkar*“ og „*sýnum fagmennsku*“. Horft var á fyrirlestra og fræðslu sem tengdust þessum þætti ásamt því að fara í hópavinnu með efnið.



Starfsmannasáttmáli

Við starfsfólk Borgarhólsskóla störfum af heilindum af
VIRÐINGU, **JÁKVÆÐNI**, **ÁBYRGÐ** og **SKIPULAGI**.



Virðing

- vöndum okkur í samskiptum; segjum það við þig ekki um þig
- hlustum og tjáum skoðanir okkar af virðingu
- sýnum hlýju og umhyggju
- virðum vinnuframlag allra

Jákvæðni

- störfum eftir kenningum jákvæðs aga
- temjum okkur jákvæðni og jákvætt viðmót
- leitum að lausnum og vinnum út frá þeim

Ábyrgð

- sýnum fagmennsku
- vinnum eftir markmiðum og reglum skólans
- tökum ábyrgð á því sem við segjum og gerum því við höfum áhrif á liðan annarra með framkomu okkar

Skipulag

- vitum hvert hlutverk okkar er
- leitumst við að hafa boðleiðir skýrar
- leitumst við að hafa skýrar reglur
- öflum okkur upplýsinga og miðlum til annarra

Starfsþróun

Litið hefur verið svo á að innleiðing Jákvæðs aga og teymisvinnu taki allan okkar tíma í starfsþróun. Starfsmenn sinna starfsþróun fyrir utan sinn vinnutíma og skila til skólastjóra skýrslu um hvernig þeir hafa varið starfsþróunartíma sínum. Í vinnslu er þriggja ára starfsþróunaráætlun fyrir alla starfsmenn skólans.



Skipting skólaársins og námsmat

Skólastarf hófst 15. ágúst með námskeiði fyrir starfsfólk, Tengsl staðalmynda og kvíða ungra stúlkna - valdefling og viðbrögð. Skólasetning var 22. ágúst klukkan 15:30. Tíundi bekkur var útskrifaður föstudaginn 31. maí klukkan 14.00 á sal skólans og skólaárinu var lokið sama dag klukkan 17.00 í Íþróttahöllinni.

Viðtöl voru í byrjun október, þá til að taka stöðuna eins og hún var sl. vor og hvernig byrjunin gengur. Tölvupóstur um gengi nemenda fór heim um miðjan desember og þá gátu foreldrar skoðað hæfnikort þeirra. Frammistöðumat var svo unnið í febrúar og viðtöl við umsjónarkennara í kjölfar þess. Að lokum var formlegt mat við skólalok í júní og var öllum bekkjum gefin einkunn þar sem kvarðinn A-D var notaður.

Kvarði	Námssvið
A	Framúrskarandi hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs
B	Góð hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.
C	Sæmileg hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.
D	Hæfni og frammistöðu í námi ábótavant með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.
<i>Gefnar eru einkunnirnar C+ og B+ þegar hæfni nemanda er mjög nærri því að ná næsta viðmiði fyrir ofan.</i>	

Í Borgarhólsskóla eru hæfnikort nýtt yfir veturinn og geta foreldrar þá fylgst með mati kennara jafnt og þétt.



Verkefnastjóri Námsmats/Mentor

Björgvin Friðbjarnarson er verkefnastjóri í 20% hlutfalli.

Verkefnastjóri Námsmats

Skólaárið

20% starfshlutfall

Um verkefnastjóra segir í kjarasamning grunnskólakennara;

VERKEFNASTJÓRI 1

Uppfyllir skilyrði sem grunnskólakennari og er í 20% - 49% verkefnastjórn. Grunnlaunafl. 238.

Næsti yfirmaður: Skólastjóri, staðgengill skólastjóra eða annar aðili sem skólastjóri ákveður.

Starfssvið: Starfar samkvæmt lögum og reglugerð um grunnskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá grunnskóla og stefnu viðkomandi sveitarfélags.

Meðal verkefna sem falla undir starfsheitið: Tölvuumsjón, árgangastjórn, fagstjórn, stjórnun skólaþróunarverkefna og annað sem skólastjórnendur telja þörf á og felur ekki í sér mannaforráð. Skipulagning og stjórnun viðkomandi verkefnis í samráði við skólastjóra Áætlanagerð, mat og skýrslugerð sem tengist verkefninu. Leiðbeiningar og ráðgjöf til þeirra sem í hlut eiga.

Tekur þátt í samstarfi við aðrar stofnanir og aðila sem tengjast verkefninu í samráði við skólastjórnendur. Situr starfsmannafundi og aðra fundi er yfirmaður segir til um og varða viðkomandi verkefni.

Annað: Starf verkefnastjóra er alltaf tímabundið, þó aldrei skemur en til eins skólaárs í senn. Starf verkefnastjóra getur verið allt frá því að vera starf með öðru starfi (lítið verkefni) upp í að vera fullt starf.

Markmið til lengri tíma er að allt námsmat sé á Mentor, skýrt og aðgengilegt öllum, kennurum, foreldrum og nemendum.

- Hægt er að skipta verkefnum vetrarins í fimm mismunandi þætti.
- Í upphafi skólaárs var töluvert mikið að gera í því að laga þær námskrár sem til voru og gera þær tilbúna til notkunar (aðallega íslensku og stærðfræði). Það er ýmislegt sem þarf að hafa í huga, eins og að bæta við markmiðum, taka út markmið og laga uppsetningu. Afrita þurfti nokkrar námskrár og gera nýjar en líka eyða gömlu mati. Ekki er skráð hversu langan tíma þessi vinna tók, en í þetta fóru allmargar klukkustundir.
- Í lok skólaárs þurfti að uppfæra vitnisburðarblöð allra bekkja. Í stað þess að skipta vitnisburðarblöðum eftir teyðum var gert blað fyrir hvern bekk. Fundað var með hverju teyði og rætt hvað ætti að vera á blaðinu, hvernig matskvarðin ætti að vera o.fl. Þessi þáttur er sá sem tók lengstan tíma og er flóknastur í framkvæmd. Einnig fylgdist verkefnastjóri með því að fólk væri að meta á réttum stöðum, hvort eitthvað vantaði inn, hvort það væri samræmi í mati og mikið var leitað til hans með aðstoð með lokamat.
- Nokkuð jafnt og þétt yfir skólaárið leita kennarar til verkefnastjóra og biðja um að bæta við námskrám, bæta við markmiðum, taka út markmið eða lagfæra uppsetningu. Þetta er mest fyrir nemendur sem hafa einstaklingsnámskrár.



- Nokkur jafnt og þétt yfir skólaárið, en mest í kringum viðtöl og skólalok leitar starfsfólk töluvert til verkefnastjóra með spurningar, vilja aðstoð eða ráðleggingu með námsmat nemenda.
- Reglulega yfir veturinn fer verkefnastjóri inn á Mentor og skoðar námsmat og lagar og eyðir út mistökum o.þ.h.

Teymin

1. bekkur

Íslenska

Námsgögn:

- Ljósritað hefti af skólavefnum þar sem unnið var með stafi.
- Lestrarlandið 1 og 2
- Skriftarhefti sporun bókstafa
- Skrift 1
- Heimatilbúin verkefnabók með verkefnavinnu úr bókum vikunnar.
- Ýmis kennsluforrit í spjaldtölvum.

Kennslutilhögun:

Unnið á fjölbreyttan hátt, t.d. einstaklingsvinna, paravinna og í fjölbreyttum hópum.

Námsmat:

Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir veturinn, símat og börnin tóku kannanir.

Börnin fóru í Lesfímipróf 2-3 yfir veturinn og Læsi (febrúar).

Stærðfræði

Námsgögn:

- Sproti 1 a og b. Nemendabók og æfingahefti.
- Sproti 2 a – nemendabók. Sumir fóru í 2a en ekki allir.
- Viltu reyna? Aukabók.
- Stærðfræðiverkefni í tengslum við bækur vikunnar.
- Útikennsla; mælingar og form.
- Ýmis kennsluforrit í spjaldtölvum.

Kennslutilhögun:

Nemendur fengu innlögn frá kennurum. Unnu hver á sínum hraða og eftir getu. Hópum stundum getuskipt í vinnu. Útikennsla var nýtt við mælingar og form. Spjaldtölvur voru einnig nýttar í ýmsum verkefnum.

Námsmat:

Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir veturinn, símat og börnin tóku kannanir.

Tove Krogh tekið í okt-nóv.



Samfélags- og náttúrufræði

Námsgögn:

- Komdu og skoðaðu líkamann
- Komdu og skoðaðu umhverfið
- Blómin á þakinu; íslensku húsdýrin
- Undrið – unnum ýmis verkefni um atburði aðventu og jólahátíðarinnar sem og dymbilviku og páska.

Allar bækurnar voru teknar í þemavinnu þar sem við tengdum viðfangsefnin við íslensku og unnum hóp- og einstaklingsverkefni.

Kennslutilhögun:

Unnið á fjölbreyttan hátt, t.d. einstaklingsvinna, paravinna og í fjölbreyttum hópum.

Námsmat:

Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir veturinn, símat.

Sjálfsmat. Börnin bjuggu til bækur sem þau lögðu mat á sjálf.

Upplýsingatækni

Námsgögn:

- Spjaldtölvur
- Bækur af bókasafni

Kennslutilhögun:

Ýmis vinna með spjaldtölvur og verkefni á bókasafni.

Námsmat:

Jákvæður agi

Námsgögn:

- Jákvæður agi, unnið samkvæmt verkáætlun sem verkefnahópur JA sendi okkur.

Kennslutilhögun:

- Reglulegir bekkjafundir.

Námsmat:

Fylgst með börnunum í tímum og umsögn skilað.

Viðburðir

Teymi 2.-3.

Íslenska

Námsgögn:

Í byrjendalæsi er unnið með gæðatexta sem geta verið t.d. sögubækur, lagatextar o.fl. Unnið er með fjölbreytt verkefni hverju sinni, spil og leiki. Auk þess var unnið í vinnubókunum Lesrún, Ritrún, Skrift, Sögubók, málfræðihefti, yndislestur og hlustun.

Kennslutilhögun:

Íslenska var oftast unnin í hringekjuformi, yfirleitt í árgangablönduðum hópum. Hver kennari var sérfræðingur í einu efni og lagði það inn fyrir hópana. Lögð var áhersla á tal, lestur, hlustun og ritun



sem eru grunnþættir byrjendalæsis. Passað var upp á að hafa fjölbreytni í hringekjunni svo nemendur fengu uppbrot og höfðu ánægjulega reynslu af náminu. Hópaskiptingar voru mismunandi, eftir því hvað hentaði hverju verkefni. Einnig var unnið í umsjónarhópum í vinnubókavinnu og í árgangaskiptum hópum á móti tónlistartímum fyrri hluta vetrar. getuskiptir.

Námsmat:

Kennarar fylgdust með vinnu nemenda og stöðu þeirra í náminu, þátttöku í hópavinnu og umræðum. Unnin voru ýmis verkefni sem voru metin s.s. í sögugerð, skrift og málfræðiverkefni.

Nemendur fóru í nokkrar skimanir sem meta stöðu í lestri, leshraða og lesskilning auk réttitunar.

- 2. bekkur. Læsi í nóvember og febrúar og Lesmál í apríl, 20 orða könnun að hausti og vori.
- 3. bekkur. Logos skimun í mars/apríl, Orðarún í nóvember og mars, 20 orða könnun að hausti og vori.

Auk þess fara allir nemendur í Lesfimi könnun í september, janúar og maí.

Stærðfræði

Námsgögn:

Sproti 2a, 2b, 3a, 3b. Sproti 4a og 4b fyrir nokkra nemendur.

Stærðfræðileikir í iPad

Æfingahefti og blöð.

Kennslutilhögun:

Kennt í árgangaskiptum hópum í fjóra tíma á viku hvorum hópi. Hvorum árgangi skipt í þrjá getuskipta hópa. Litlir hópar fyrir þá sem þurfa sérkennslu og aðlagð námsefni.

Námsmat:

Kaflapróf, miðannapróf og vorpróf auk símats kennara og munnlegs námsmats þegar það á við.

Samfélagsfræði

Námsgögn:

Samfélagið okkar, fjölskyldan:

Bókin Fjölskyldan mín auk fleiri bóka um fjölbreyttar fjölskyldugerðir, myndbönd og fleira þegar unnið var með fjölskyldugerðir.

Samfélagið okkar, skólinn:

Efni af heimasíðu skólans og texti við skólasöng Borgarhólsskóla þegar unnið var með skólasamfélagið.

Umhverfið okkar:

Myndbönd og fræðigreinar á internetinu í vinnu um umhverfið.

Bókin Kristinfræði, regnboginn í vinnu um jól og páska.

Kennslutilhögun:

Kennt var í nokkrum þemum yfir veturinn í samþættri vinnu íslensku og náttúru- og samfélagsgreina.

Námsmat:

Fylgst með vinnu nemenda, þátttöku þeirra í hópavinnu og umræðum.



Jákvæður agi

Námsgögn:

Unnið samkvæmt verkáætlun Jákvæðs aga.

Lausnahjól sem nemendur gerðu sjálfir.

Bekkjarsáttmálar.

Kennslutilhögun:

Reglulegir bekkjarfundir, lausnafundir, kennt í gegnum leik og starf.

Námsmat:

Fylgst með vinnu nemenda, þátttöku þeirra í hópavinnu og umræðum.

Enska

Námsgögn:

Right on og cd diskur (hlustun) til að gera verkefni.

Barnalög af www.youtube.com sem tengdust efninu.

Spil og leikir sem tengdust efninu.

Ritun og tal um samtöl á ensku.

Kennslutilhögun:

Kennt var á móti tónlist og var hálfur árgangur í einu í tíma. 30 mínútur í senn tvisvar í viku hjá hverjum hópi.

Nemendur unnu ýmis verkefni í bókum auk hlustunarverkefna. Einnig hlustuðu þau á barnalög af www.youtube.com sem tengdust efninu í bókinni.

Leikir og spil sem tengdust efninu.

Námsmat:

Ekkert formlegt námsmat. Markmið að nemendur kynnist grunnhugtökum í ensku. 3. bekkur fór dýpra í efnið heldur en 2. bekkur.

Viðburðir

- Skólaárið hófst með 10 daga sundkennslu.
- Göngudagur var í september og fór 2. og 3. bekkur í fjallið þar sem við lékum okkur í skóginum og einnig var farið á íþróttavöllinn þar sem farið var í ýmsa leiki.
- Unnin voru tvö þemaverkefni í samfélagsfræði um samfélagið okkar þar sem áhersla var lögð á skólasamfélagið annars vegar og fjölskylduna hins vegar.
- Allir nemendur skólans tóku þátt í þemaverkefninu Ísland í 100 ár og var uppskeran sýnd þann 1. desember og skólinn opinn öllum bæjarbúum.
- Nemendur tóku þátt í verkefninu Jól í skókassa.
- Verkstæðisdagurinn var föstudaginn 7. desember.
- Litlu jólin voru miðvikudaginn 20. desember.
- Nemendur 2. og 3. bekkjar unnu þemaverkefni um jólin.
- Útivistardagar voru tvisvar sinnum í febrúar þar sem nemendum gafst færi á að renna sér á skíðum, brettum og sleðum. Einnig var hægt að fara í sund.
- Við fórum í sýningu Það sem börnin vilja sjá í Safnahúsinu sem fjallar um barnabækur.
- Skólasamkoma skólans var í febrúar. Þar tóku nemendur 3. bekkjar þátt og sýndu fótboldans.
- Nemendur 2. og 3. bekkjar tóku þátt í Litlu ólympíuleikunum í mars.



- Nemendur 2. og 3. bekkjar unnu þemaverkefni um páskana.
- 2. bekkur tók þátt í Hvalaskólanum í boði Hvalasafnsins. Nemendur fóru í heimsókn á safnið þar sem Garðar Þröstur Einarsson tók á móti þeim og þar fengu þeir fræðslu um hvalina. Nemendur fóru einnig í fjöruferð í Eyvíkurfjöru.
- Skólanum lauk með sundkennslu í 10 daga auk þess sem við nýttum útiveru þegar veður leyfði.
- Hvor árgangur sýndi á sal einu sinni yfir skólaárið auk þess sem farið var á söngsali og danssali.
- Dótadagur í maí.

Teymi 4.-5.

Íslenska 4. bekkur

Námsgögn:

Byrjendalæsisverkefni.

Ritrún 3, Lesrún 1 og 2, Málrækt 1 og Skinna 1.

Skriftabækur og lestrarbækur.

Lesskilningsverkefni.

Ljóðabækur. (4. Bekkur)

Bókmenntaverkefni: Benjamín Dúfa. (5.bekkur)

Orðspor. (5. Bekkur)

Kennslutilhögun:

Fyrir áramót var íslenskan kennd árgangaskipt og 4. bekkur í blönduðum hópum (misstórir hópar). Eftir áramót breyttum við og kenndum í umsjónahópum. Nema þegar unnin voru sérstök verkefni líkt og sveitaverkefni og ljóðaverkefni sem einungis 4.bekkur vann og Hvalaverkefni og bókmenntaverkefni um Benjamín Dúfu sem einungis 5.bekkur vann.

Lesrún var unnin á móti tónlistartímum/Marimba í samvinnu. Texti lesinn annað hvort nokkrir saman eða upplestur fyrir bekk og verkefni unnin saman.

Verkefni unnin samkvæmt aðferðum Byrjendalæsis.

Námsmat:

Kannanir lagðar fyrir:

Orðarún, 20 orðin og málfræði lagt fyrir tvisvar yfir veturinn.

Lesfimi í september, janúar og maí.

Sjálfsmat í öllum Byrjendalæsisverkefnum.

Stærðfræði

Námsgögn:

- 4. bekkur: Sproti 4a og 4b.
- 5. bekkur Stika 1a og 1b.
- Stefnum að margföldun, Stefnum að deilingu, Viltu reyna, í undirdjúpunum, stærðfræðibækur í flokki pláneta.

Kennslutilhögun:

Frjálssar vinnustundur.



Kennsla upp við töflu. Innlagirnir.
Útiverkefni og þrautir.
Verkefni í Ipad. Ýmis verkefni af mms.

Námsmat:

Kaflapróf, miðsvetrar og vorpróf.

Samfélagsfræði

Námsgögn:

Himingeimur: Komdu og skoðaðu himingeiminn.
Sveitaverkefni. Hefti útbúið af kennurum. 4. bekkur
Goðafræði: Óðinn og bræður hans. 5. bekkur.
Hvalaverkefni í samvinnu við Hvalaskólann. 5. bekkur.
Verkefni um hús á Húsavík á þemadögum.
Lífsleikni unnin samkvæmt jákvæðum aga og Vöndu, bekkjarfundir og ýmir hópeflisleikir.
Ipadar, ýmsir vefsíður, leikir o.fl.

Kennslutilhögun:

Blandaðar vinnustundir. Hópavinna, einstaklingsvinna.
Hlustun, vinna bæði einstaklings og í hópum.
Heimsókn í hvalasafn og hvalaskoðun. (5. bekkur)
Sveitaferð, heimsóttum, Hraunkot í Aðaldal og Saltvík. (4. bekkur)
Leikir, bekkjarfundir, bæðir umsjónarstofur, árgangaskiptir og kynjaskiptir.
Hluti samfélagsfræði unnin samþætt íslensku og unnin samkvæmt byrjendalæsis áætlunum

Námsmat:

Ýmist símat eða/og sjálfsmat.

Enska

Námsgögn:

Speak out og Work out. A Year of fun. Hickory, Dickory
Ýmislegt námsefni af netinu útprentað.
Osmo, leikir og verkefni í ipad.

Kennslutilhögun:

Hlustun, verkefnavinna, einstaklings- og hópavinna. .

Námsmat:

Kannanir.

Viðburðir

Útivistardagur 12. september:

- Göngutúr að sjóböðum þar sem við stoppuðum og borðuðum nesti og gengum síðan upp í skóg.

Jól í skókassa-verkefnið var í umsjón foreldrafulltrúa í október.

Dagur eineltis var 8. nóvember og fórum við í göngu ásamt öllum nemendum og starfsfólki í skólanum að kirkjunni og mynduðum setninguna EINELTI NEI TAKK úr nemendum og starfsfólki skólans. Þetta var einnig dagur þar sem við unnum verkefni jákvæðs aga um vináttu. Nemendur unnu vinaverkefni og útbjuggu blöðrur þar sem þau skrifuðu á hvernig vinur þau vildu vera.



1. desember:

- Í Þemaverkefni í lok nóvember unnu nemendur verkefni um gömul hús á Húsavík, lásu upp íslensk ljóð, teiknuðu íslenska fánann og fólk sem klæddist íslenska þjóðbúningnum. Aftakstur þemadaganna var síðan sýndur 1. desember og þar skiptust nemendur einnig á að lesa upp íslensk ljóð.

Verkstæðisdagur 7. desember.

Í mars voru litlu ólympíuleikarnir.

5. bekkur tók þátt í söfnun fyrir ABC barnahjálpi í mars.

5. bekkur var með marimba á skólaskemmtuninni í apríl.

Hvalaskólinn hjá 5. bekk:

- Hvalaskólinn var hjá 5. bekk var í maí. Farið í heimsókn í Hvalasafnið og í hvalaskoðun. Umsjón með Hvalaskólanum hafði Garðar Þróstur Einarsson.

Sveitaverkefni hjá 4. bekk:

- Sveitaferðin var farin 21. maí, farið var í Hraunkot í Aðaldal og Saltvík. Í tengslum við ferðina unnu nemendur ýmis verkefni um húsdýr og sveitastörf.

Í lok skólaárs förum við í göngutúra og förum meðal annars með allann hópinn í ísferð í Olís.

Brunaæfing var haldin í maí þar sem farið var yfir verkferla.

Allir umsjónarhópar voru með sal einu sinni yfir veturinn.

Dótadagur var tvisvar sinnum á árinu.

Bekkjaráttnáli var unninn að hausti og hengdur upp á vegg á Mána.

Teymi 6.-7.

Íslenska

- Orðspor 2
- Orðspor 3
- Smellur 1
- Söguskinna
- Fólkið í blokkinni
- Krakkinn sem hvarf
- Ýmis ritunarverkefni
- Yndislestur, upplestur og heimallestur

Stærðfræði

- Stika 2a og 2b (grunnbók og æfingahefti)
- Stika 3a og 3b (grunnbók og æfingahefti)
- Stjörnuþækur
- Ýmis viðbótarverkefni

Samfélagsfræði/Saga

- Goðafræði (Lífið í Ásgarði: Gullnar töflur í grasi)
- Miðaldafólk á ferð
- Norðurlöndin (lesbók og vinnubók)
- Íslandssaga árið 1300-1900



Náttúrufræði

- Líf á landi (lesbók og valin verkefni)
- Lífríki á landi (lesbók og valin verkefni)
- Auðvitað, Heimilið (valdir kaflar)

Lífsleikni

- Jákvæður agi, verkefni af ýmstu tagi úr handbók kennara
- Hópefli vikulega í kynjaskiptum hópum. Unnið með efni frá Vöndu Sigurgeirsdóttir, þ.á.m. *Að búa til góðan anda og taka á samskiptum.*
- Bekkjarfundir
- Nemandi dagsins

Kennslutilhögun:

Kennslunni var þannig háttað að nemendum var árgangaskipt í íslensku, stærðfræði, ensku upplýsingatækni, samfélagsfræði að hluta (goðafræði), lífsleikni og sundi. Nemendur voru í blönduðum hópum í íþróttum, samfélags- og náttúrufræði og listum.

Nemendur sem stóðu höllum fæti í íslensku, voru teknir út úr stofu í minni hópum með sérkennara einu sinni í viku. 7. bekkur var eingöngu í dönsku.

Námsmat:

Íslenska: Reglulegt námsmat allt skólaárið. Verkefni og kannanir.

Stærðfræði: Reglulegt námsmat allt skólaárið. Kaflapróf, samvinnupróf og heimapróf.

Samfélagsfræði/Saga: (kennt annað hvert ár)

- ❖ Norðurlöndin – heimapróf, símat.
- ❖ Íslandssaga – kennaramat.

Náttúrufræði: (kennt annað hvert ár)

- ❖ Lífríki á landi-Vinnubók-kennaramat
- ❖ Auðvitað – kennaramat.

Lífsleikni:

Ekkert námsmat fyrir utan að nemendur fengu umsögn eftir verkefnið: Nemandi dagsins.

Enska

Námshögn:

- Portfolio bækurnar Out in Space og Amazing Animals ásamt ljósrituðum heftum.
- Ýmiss ljósrituð kennslugögn frá kennara.
- Mrs. Doubtfire
- World Wide English – á vef mms – áhersla á England og Skotland.
- Áhorf og hlustun – ýmsir þættir af netinu svo sem youtube.com, 60 minutes og Netflix

Kennslutilhögun:

Lestur texta og unnið með lesskilningsverkefni.

Áhersla lögð á tölur, mánuði og vikudaga.

Unnið að auknum orðaforða með ýmsum verkefnum.



Við horfðum einnig á kvikmyndir og unnum verkefni úr þeim. Mrs. Doubtfire og Ferris Buller day off.

Námsmat:

Orðaforða og hlustunarkannanir, bókmennntaverkefni, kvikmyndaverkefni og önnur stutt verkefni frá kennara.

Danska

Námsgögn:

START lesbók og vinnubók. Klassen, stuttir danskir þættir með dönskum texta. Dönsk tónlist og tölurnar æfðar með því að spila bingó.

Kennslutilhögun:

Hópnum var skipt í tvennt, stelpur/strákar. Sviðslistir voru kenndar á móti dönskunni, þegar strákar voru í dönsku voru stelpur í sviðslistum og öfugt.

Danskan í 7. bekk fylgir að mestu leyti námsbókunum og hvernig þær eru upp byggðar, þó að ýmis önnur verkefni séu lögð fyrir nemendur þá eru bækurnar rauði þráðurinn í kennslu 7. bekkjar.

Námsmat:

Orðaforðakönnun. Nemendur skiluðu vinnubókinni tvisvar yfir skólaárið og kennari fór yfir hana. Lokapróf. Virkni í kennslustundum metin. Hæfnikort í Mentor.

Upplýsingatækni

Námsgögn:

- Efni á internetinu.
- Office Word og PowerPoint.
- Portal.office.com
- Pivot animator.
- Kahoot.

Kennslutilhögun:

Kennsla einu sinni í viku. Árgangnum skipt í tvo hópa eftir kyni. Flest verkefni miðuð við eina kennslustund en nokkur verkefni sem reiknað var með að tækju lengri tíma og gafst þá nemendum að vinna það í fleiri kennslustundum. Ekki lokapróf en þess í stað fjögur verkefni í lok annar sem reyndi á þá þekkingu í upplýsingatækni sem ætti að vera til staðar eftir kennslu í vetur. Höfðu nemendur síðustu vikuna fyrir próf til að klára þessi verkefni.

Verkefni vetursins voru af ýmsum toga. Uppsetning á word, powerpoint, kahoot og nær alltaf gagnasöfnun á internetinu en einnig var gefið svigrúm til sköpunar eins og t.d. í pivot animator. Verkefnalýsingar voru alltaf á tölvutæku formi eins og word skjali sem deilt var með nemendum eða tölvupóstur til allra nemenda hópsins.

Námsmat:



Í námsmati er tekið mark á ástundu og vinnu í kennslustund, verkefnaskil og metnaður í verkefnum. Almenn þekking á upplýsingatækni og færni til verka. Lokaverkefnið fjögur stórmatsþáttur í námsmati.

Viðburðir

- Göngudagur var í skólanum 12. september. Gengið var upp á Húsavíkurfjall og þar borðuðu nemendur nesti. Síðan var gengið til baka.

Mikilvægt að hafa gott að borða í mötuneytinu þegar komið er til baka.

- Samræmd könnunarpróf voru í 7. bekk dagana 20. og 21. september.
- Stóra upplestrarkeppnin var sett 16. nóvember á sal skólans. Með því hófst undirbúningur fyrir keppnina. Keppnin innan skólans fór fram 21. febrúar og tóku 15 nemendur þátt. Loka-keppnin var haldin í Safnahúsinu 8. mars og tóku 5 nemendur þátt í henni.
- Þemadagar voru í skólnum 27. nóv.-1. des. Þemað var 100 ára fullveldisafmæli Íslands.
- Verkstæðisdagur, jólaföndurdagur, var 7. desember og litlu jólin 20. desember.
- Útivistardagur var 13. febrúar.
- 13. febrúar var útivistardagur.
- Skólasamkoman var haldin 26. febrúar til 2. mars. Nemendur 7. bekkjar sýndu leikritið Annie. Þetta er fjáröflun 7. bekkjar fyrir skólabúðir síðar á skólaárinu. Leikskólasýning var 2. mars.
- Öskudagur var 6. mars þar sem börn í 6. bekk og foreldrar þeirra höfðu umsjón með öskudagsballi. Þetta er fjáröflun 6. bekkjar fyrir skólabúðir síðar á skólaárinu.
- Litlu ólympíuleikarnir voru haldnir 20. mars.
- Nemendur 6. bekkjar fóru í dagsferð í skólabúðir 23. maí. Farið var til Raufarhafnar og á Kópasker. Fjallað var um jarðfræði og sögu svæðisins og söfn skoðuð.
- Nemendur 7. bekkjar fóru í skólabúðir 27.-28. maí. Farið var í Mývatnssveit og nágrenni.
- Nemendur 7. bekkjar stóðu fyrir nokkrum diskótekum yfir veturinn þar sem nemendur 5.-7. bekkjar komu og skemmtu sér saman. Þetta var liður í fjáröflun bekkjarins.
- Í vetur var reglulega farið í sal skólans og ýmist sungið saman eða horft á skemmtiatriði bekkja. 6. bekkur kom fram tvisvar en ákveðið var að 7. bekkur yrði ekki með uppákomu á sal þar sem svo mikið annað var að gera hjá þeim.

8.bekkur

Íslenska

Námsgögn:

- Málið í mark- Fallorð



- Kveikjur Lesbók/vinnubók
- Efni af netinu
- Námsfni útbúið af kennara.

Kennslutilhögun:

Þrjár kennslustundir á viku.

Fyrirlestrar, heimildarvinna, töflukennsla, bein kennsla, spurnaraðferðin og samvinnunám.

Námsmat:

- Hópverkefni
- Lestrardagbók
- Lokapróf
- Virkni í kennslustundum

Stærðfræði

Námsgögn:

- Átta-tíu 1,
- Átta-tíu 2
- Almenn stærðfræði
- Ljósrituð verkefni frá kennara

Kennslutilhögun:

Kennslustundir voru þrjár í viku en auk þess höfðu nemendur möguleika á að vinna í stærðfræði í vinnustundatímum sem voru fjórum sinnum í viku, hálf tími í senn.

8. bekk var skipt í tvo hópa. Einu sinni í viku komu nemendur í kynjaskiptum hópum og tvisvar í viku í blönduðum hópum.

Markmiðum ársins var skipt niður í kafla og fengu nemendur áætlun yfir hvernig vinnunni skyldi háttað í kringum hvern kafla. Á áætlununum kemur fram að hvaða markmiðum er verið að vinna, hvað eigi að vinna vikulega og hvernig námsmatinu er háttað.

Í upphafi hvers kafla var innlögn á töflu og nemendur tóku glósur. Nemendur unnu svo ýmist einstaklingslega eða saman við lausn verkefna.

Reglulega voru gagnvirk verkefni, spil og þrautir tengdar viðfangsefninu sem unnið var með hverju sinni.

Námsmat:

Námsmat var í lok hvers kafla eða u.þ.b. mánaðarlega yfir allt skólaárið. Námsmat var nokkuð fjölbreytt; einstaklingskannanir teknar í skóla, heimaverkefni, samvinnuverkefni og fleira.

Samfélagsfræði

Námsgögn:



- Um víða veröld jörðin og Lýðræði og tækni.
- Ýmislegt efni af netinu.
- Námsefni útbúið af kennara.
- Horft á myndina the Impossible.

Kennslutilhögun:

Tvær kennslustundir á viku.

Fyrirlestrar, heimildarvinna, töflukennsla, bein kennsla, spurnaraðferðin og samvinnunám.

Námsmat:

Kaflapróf

Hópverkefni

Einstaklingsverkefni

Lokapróf

Virkni í kennslustundum

Náttúrufræði

Námsgögn:

- Lífheimurinn - Námsbók
- Námsefni útbúið af kennara
- Efni á netinu; s.s. Youtube, Vísindavefurinn, glærupakkar frá öðrum skólum.
- Kvikmyndin Contagion.
- Áhöld í verklega kennslu.

Kennslutilhögun:

Hver nemandi var 2 x 60 mín í viku. Bekknum skipt í tvo hópa.

Viðfangsefni 8. bekkjar voru aðallega stjörnufræði og líffræði. Reglulega var uppbrot í námsefni og fjallað um efni sem kennari taldi líklegt að vekti áhuga nemenda.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verkleg kennsla, heimildavinna, umræðu – og spurnaraðferðir og samvinnunám.

Námsmat:

- Skriflegt verkefni um aukefni í matvælum og geymsluaðferðir.
- Frumuverkefni – líkan og skriflegt.
- Frammistaða í verklegum æfingum; aðallega krufningu og skordýraverkefni.
- Skriflegar kannanir.
- Lokapróf.
- Stutt verkefni í kennslustundum og þátttaka í umræðum.

Upplýsingatækni

Námsgögn:

- Efni á internetinu.



- Office Word og PowerPoint.
- Portal.office
- Pivot animator.
- Kahoot.
- Squarespace og wordpress.

Kennslutilhögun:

Kennsla einu sinni í viku. Árgangnum skipt í tvo kynjaskipta hópa. Flest verkefni miðuð við eina kennslustund en nokkur verkefni sem reiknað var með að tækju lengri tíma og gafst þá nemendum að vinna það í fleiri kennslustundum og þá líka í vinnustund. Sömuleiðis voru sumir tímar notaðir í að vinna verkefni úr öðrum áföngum sem kröfðust notkunar á upplýsingatækni eins og til dæmis word eða powerpoint. Ekki lokapróf en þess í stað fjögur verkefni í lok annar sem reyndi á þá þekkingu í upplýsingatækni sem ætti að vera til staðar eftir kennslu í vetur. Höfðu nemendur síðustu vikuna fyrir próf til að klára þessi verkefni.

Verkefni vetursins voru af ýmsum toga. Uppsetning á word, powerpoint, kahoot, vefsíðu og nær alltaf gagnasöfnun á internetinu en einnig var gefið svigrúm til sköpunar eins og t.d. í pivot animator. Verkefnalýsingar voru alltaf á tölvutæku formi eins og word skjali sem deilt var með nemendum eða tölvupóstur til allra nemenda hópsins.

Námsmat:

Í námsmati er tekið mark á ástundu og vinnu í kennslustund, verkefnaskil og metnaður í verkefnum. Almenn þekking á upplýsingatækni og færni til verka. Lokaverkefnin fjögur stór matspáttur í námsmati.

Enska

Námsgögn:

Spotlight 8 lesbók og vinnubók, þetta er aðalnámsbókin sem er rauður þráður yfir veturinn. Í henni eru lestextar og fjölbreytt verkefni sem reyna á ritun, lesskilning, hlustun og þá er einnig sérkafla um málfræði.

Billy Elliot – lesskilningsverkefni.

Notting Hill – lesskilningverkefni.

Write Right One – notuð til að þjálfra málfræði.

World Wide English – á vef mms – áhersla á Bretland og Wales

Áhorf og hlustun – ýmsir þættir af netinu svo sem youtube.com, 60 minutes og Netflix

Kennslutilhögun:

Nemendur og kennari fóru yfir málfræðiglósur í tímum og stuttar kannanir voru gerðar upp úr því efni.



Við horfðum einnig á kvikmyndir og unnum verkefni úr þeim. Pay it Forward, Notting Hill og Billy Elliot.

Þá gerðu nemendur nokkuð stórt verkefni „Must See Movies“ þar sem þeir völdu kvikmynd eða þátt sem þeim finnst nauðsynlegt að aðrir sjái um ævina og útbjuggu veggspjald með upplýsingum um myndina.

Námsmat:

Orðaforða-, málfræði- og hlustunarkannanir, bókmennntaverkefni, kvikmyndaverkefni og önnur stutt verkefni frá kennara.

Danska

Námsgögn:

- START, lesbók og vinnubók. TÆNK og TAK lesbók og valdar síður úr vinnubók. Dagbók, sem nemendur skrifa í stuttar hugleiðingar og krossglímur tengdar því efni sem unnið er með hverju sinni.
- Kvikmyndir og þættir: Klassen, Mille og Tempelriddernes skat.
- Einnig hlustuðum við á danska tónlist og æfðum tölurnar með því að spila bingó og með öðrum verkefnum og leikjum.
- Ýmis önnur verkefni frá kennara.

Kennslutilhögun:

Nemendum var kennt í tveimur hópum, kynjaskipt. Þegar strákar voru í dönsku voru stelpurnar í ensku og öfugt. Þetta mæltist vel fyrir bæði hjá kennurum og nemendum.

START bækurnar kláraðar frá því í 7. bekk, mánuðir og árstíðir, klukkan, heimilið og afmæli.

Danskan var kennd eftir þemum, fyrst var það orðaforði sem tengist mat, bekk og bekkjaranda, og fjölskyldunni. Í lok hvers þema er einhvers konar lokaverkefni sem nemendur skila til kennara.

Tölurnar voru æfðar með því að spila bingó, ýmist var kennari eða nemendur bingóstjórar. Rað-tölurnar og dagarnir voru æfð með því að í upphafi hvers tíma var farið yfir hvaða dagur var, bæði vikudagur og dagur í mánuðinum.

Reynt var að hafa hverja kennslustund þannig að nemendur fengu tvö – þrjú viðfangsefni að glíma við, t.d. hvaða dagur er í dag, hlustun og lestur og vinnubókarvinna samhliða lestrinum.

Í desember voru kennslubækur lagðar til hliðar og aðeins unnin jólaverkefni. Ýmis verkefni unnin sem tengjast jólum og jólahaldi, bæði á Íslandi og í Danmörku.

Tveir dönskutímar á viku.

Námsmat:

Nemendur skiluðu START vinnubókinni og tóku samvinnupróf upp úr henni. Þeir skiluðu ljósriti í hverju þema sem unnið var og kennari fór yfir það. Ritunarverkefni í dagbók. Lokaverkefni í hverju þema. Það getur verið myndband, ritun í dagbók, kynning fyrir framan bekkinn eða á þann hátt sem



kennara og nemendum er að skapi. Nemendur skila ljósriti (valdar síður úr vinnubók) í lok hvers þema og kennari fer yfir og merkir í hæfniviðmið í Mentor. Hlustunarpróf. Lokapróf. Hæfnikort í Mentor.

9. bekkur

Íslenska

Námsgögn:

- Málfræðibókin Málið í mark, sagnorð og vefurinn <https://mms.is/namsefni/malid-i-mark-vefur>
- Mýrin, bók og kvikmynd. Laxdæla saga. Yndislestrarbækur.
- Bókmenntabækurnar Sérðu það sem ég sé? og „Með fjaðrabliki ...“.
- Nemendur héldu lestrardagbók yfir það sem þeir lásu, yndislestur. Bókinni var skilað til kennara á tveggja vikna fresti. Fyrir hver skil átti að vera búið að lesa 70 blaðsíður að lágmarki. Skrifa þurfti færslu vikulega, 80-120 orð, hugleiðingar um það sem búið var að lesa.

Kennslutilhögun:

Bekknun var kennt var í einum hópi.

Íslenskutímarnir voru fjórum sinnum í viku, klukkutími í senn.

Sagnorðin voru til grundvallar í íslenskunáminu og Málið í mark, sagnorð var lögð til grundvallar. Verkefnin voru að hluta til unnin á www.mms.is

Mýrin og Laxdæla voru lesnar á skólaárinu. Nemendur sáu sjálfir um að lesa Mýrina eftir áætlun og voru umræðutímar reglulega þar sem nemendur ræddu málefni bókarinnar í hópum. Laxdæla var lesin í kennslustundum og efni hvers kafla rætt að lestri hans loknum. Stytttri ritunarverkefni voru lögð fyrir reglulega á meðan á lestri stóð. Úr Mýrinni var í boði að velja milli þess að skrifa ritgerð eða gera hugtakakort. Nemendur skrifuðu heimildaritgerð úr Laxdælu. Einnig var töluvert um stytttri ritunarverkefni í þar til gerða ritunarbók.

Spilið Bezzerwizzer, íslenskt mál var notað sem kveikja og umræðugrundvöllur í upphafi margra kennslustunda.

Í desember voru flest verkefnin tengd jólum og jólalögum. Ljóðstafir ræddir og kenndir í tengslum við jólalög.

Bókmenntaglósur og ýmis bókmenntaverkefni unnin.

Námsmat:

Lestrardagbækur, ritun og ýmis verkefni unnin einstaklingslega eða í hópum. Ritgerð og hugtakakort. Virkni í kennslustundum metin. Lokapróf. Hæfniviðmið í Mentor.

Stærðfræði

Námsgögn:

- Átta-tíu 3
- Átta-tíu 4
- Almenn stærðfræði



- Ljósrituð verkefni frá kennara

Kennslutilhögun:

Kennslustundir voru fjórar í viku en auk þess höfðu nemendur möguleika á að vinna í stærðfræði í vinnustundatímum sem voru fjórum sinnum í viku, hálf tími í senn.

9. bekk var kennt í einu lagi en tvímönnun var í öllum kennslustundum. Mismunandi var hvort unnið var með allan hópinn saman eða hvort unnið var með minni hóp sér, allt eftir eðli verkefna hverju sinni.

Markmiðum ársins var skipt niður í kafla og fengu nemendur áætlun yfir hvernig vinnunni skyldi háttað í kringum hvern kafla. Á áætlununum kemur fram að hvaða markmiðum er verið að vinna, hvað eigi að vinna vikulega og hvernig námsmatinu er háttað.

Í upphafi hvers kafla var innlögn á töflu og nemendur tóku glósur. Nemendur unnu svo ýmist einstaklingslega, í þörum eða hópum að lausn verkefna.

Reglulega voru gagnvirk verkefni, spil og þrautir.

Námsmat:

Námsmat var í lok hvers kafla eða u.þ.b. mánaðarlega yfir allt skólaárið. Námsmat var nokkuð fjölbreytt; einstaklingskannanir teknar í skóla, heimaverkefni, hópverkefni, munnleg próf, samvinnuverkefni og fleira. Þá var notast við sjálfsmat og jafningjamat í hópverkefnum.

Samfélagsfræði

Námsgögn:

- Um víða veröld heimsálfur.
- Ýmislegt efni af netinu.
- Námsfni útbúið af kennara.
- Horft á myndina Titanic

Kennslutilhögun:

- Tvær kennslustundir á viku.
- Fyrirlestrar
- heimildarvinna
- töflukennsla
- bein kennsla
- spurnaraðferðin
- samvinnunám.

Námsmat:

- Kaflapróf
- Hópverkefni



- Einstaklingsverkefni
- Lokapróf
- Virkni í kennslustundum

Náttúrufræði

Námsgögn:

- Mannslíkaminn.
- Maður og náttúra.
- Efnisheimurinn.
- Námsefni útbúið af kennara
- Efni á netinu; s.s. Youtube, Vísindavefurinn.
- Áhöld í verklega kennslu.

Kennslutilhögun:

1 x 60 mín í viku, allur hópurinn í senn.

1 x 60 mín í viku, kynjaskipt.

Viðfangsefni 9. bekkjar voru aðallega mannslíkaminn (kynfræðsla), erfðafræði, eðlisfræði og erfðafræði. Reglulega var uppbrot í námsefni og fjallað um efni sem kennari taldi líklegt að nemendum þætti áhugavert.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, heimildavinna, verkleg kennsla (rafgreining vatns, aðskiljun efna-blöndu o.fl.), umræðu – og spurnaraðferðir og samvinnunám.

Námsmat:

Verkefni um fósturþroska.

Verkefni um ábyrga kynhegðun.

Verkefni um DNA, gen og litninga.

Eðlisfræðikönnun.

Frammistaða í verklegum kennslustundum og umræðum.

Lokapróf.

Upplýsingatækni

Námsgögn:

- Efni á internetinu.
- Office Word og PowerPoint.
- Portal.office
- Pivot animator.
- Kahoot.



- Squarespace og wordpress.

Kennslutilhögun:

Kennsla einu sinni í viku. Árgangnum skipt í tvo hópa, kynjaskipt að mestu en þó þrír drengir í stúlknaþópnum. Flest verkefni miðuð við eina kennslustund en nokkur verkefni sem reiknað var með að tækju lengri tíma og gafst þá nemendum að vinna það í fleiri kennslustundum og þá líka í vinnustund. Sömuleiðis voru sumir tímar notaðir í að vinna verkefni úr öðrum áföngum sem kröfðust notkunar á upplýsingatækni eins og til dæmis word eða powerpoint. Ekki lokapróf en þess í stað fjögur verkefni í lok annar sem reyndi á þá þekkingu í upplýsingatækni sem ætti að vera til staðar eftir kennslu í vetur. Höfðu nemendur síðustu vikuna fyrir próf til að klára þessi verkefni.

Verkefni vetursins voru af ýmsum toga. Uppsettning á word, powerpoint, kahoot, vefsíðu og nær alltaf gagnasöfnun á internetinu en einnig var gefið svigrúm til sköpunar eins og t.d. í pivot animator. Verkefnalýsingar voru alltaf á tölvutæku formi eins og word skjali sem deilt var með nemendum eða tölvupóstur til allra nemenda hópsins.

Námsmat:

Í námsmati er tekið mark á ástundu og vinnu í kennslustund, verkefnaskil og metnaður í verkefnum. Almenn þekking á upplýsingatækni og færni til verka. Lokaverkefni fjögur stór matsþáttur í námsmati.

Enska

Námsgögn:

- Spotlight 9 lesbók og vinnubók, þetta er aðalnámsbókin sem er rauður þráður yfir veturinn. Í henni eru lestextar og fjölbreytt verkefni sem reyna á ritun, lesskilning, hlustun og þá er einnig sér kafla um málfræði
- Forrest Gump – lesskilningsverkefni – skilaverkefni
- Amistad – lesskilningsverkefni – skilaverkefni
- Write Right One – valin verkefni notuð til að þjálfa málfræði
- Gömul samræmd próf
- Enskar kennslusíður svo sem <https://www.ixl.com/>
<https://www.englishpage.com/grammar/index.html> nearpod.com
- Áhorf og hlustun – ýmsir þættir af netinu svo sem mms.is, youtube.com, 60 minutes, TED Ed og Netflix
-

Kennslutilhögun:

Nemendur og kennari fóru yfir málfræðiglósur í tímum og stuttar kannanir voru lagðar fyrir.



Við horfðum einnig á kvikmyndir og þætti og unnum verkefni úr þeim. Forrest Gump, og Coach Carter. Textar lesnir saman eða sér, lesskilningsverkefni unnin.

Námsmat:

Orðaforða-, málfræði- og hlustunarkannanir, bókmennntaverkefni, kvikmyndaverkefni og önnur stutt verkefni frá kennara.

Danska

Námsgögn:

- SMART, SMIL og TAK lesbók og valdar síður úr vinnubókunum.
- Dagbók, sem nemendur skrifa í stuttar hugleiðingar og krossglímur tengdar því efni sem unnið er með hverju sinni.
- Smásagan Dumme sms'er til Sofie lesin og unnið verkefnahefti úr henni.
- Málfræðiglósúr og málfræðiverkefni frá kennara.
- Kvikmyndir og þættir: Store drømme, Tempelriddernes skat II og Midsommer.
- Einnig hlustuðum við mikið á danska tónlist og æfðum tölurnar með því að spila bingó.

Kennslutilhögun:

Bekknur var kennt í heilu lagi.

Danskan var kennd eftir þemum, fyrst var það orðaforði sem tengist skólanum, bekkur og bekkjarandi, áhugamál og Danmörk. Í lok hvers þema er einhvers konar lokaverkefni sem nemendur skila til kennara. Það getur verið myndband, ritun í dagbók, kynning fyrir framan bekkinn eða á þann hátt sem kennara og nemendum er að skapi. Nemendur skila ljósriti (valdar síður úr vinnubók) í lok hvers þema og kennari fer yfir og merkir í hæfniviðmið í Mentor.

Dönsk tónlist var notuð í kennslustundum, Kim Larsen spilaði þar stóran þátt og unnin voru verkefni í tengslum við hans lög eftir fráfall hans. Tölurnar voru æfðar með því að spila bingó og með öðrum verkefnum og leikjum. Í bingóinu var kennari stundum bingóstjóri en oftast en ekki voru það nemendur sem stjórnðu bingóinu.

Raðtölurnar og dagarnir voru æfð með því að í upphafi hvers tíma var farið yfir hvaða dagur var, bæði vikudagur og dagur í mánuðinum.

Reynt var að hafa hverja kennslustund þannig að nemendur fengu tvö – þrjú viðfangsefni að glíma við, t.d. hvaða dagur er í dag, hlustun og lestur og vinnubókarvinna samhliða lestrinum.

Í desember voru kennslubækur lagðar til hliðar og aðeins unnin jólaverkefni. Ýmis verkefni unnin sem tengjast jólum og jólahaldi, bæði á Íslandi og í Danmörku.

Smásagan Dumme sms'er til Sofie lesin og unnar stuttmyndir úr henni.

Tveir dönskutímar á viku.

Námsmat:

Nemendur skiluðu ljósriti í hverju þema sem unnið var og kennari fór yfir það. Ritunarverkefni í dagbók. Lokaverkefni í hverju þema sem yfirleitt voru munnleg og stundum líka skrifleg. Hlustunarpróf. Lokapróf. Hæfnikort í Mentor.



10. bekkur

Stærðfræði

Námsgögn:

- Átta-tíu 5
- Átta-tíu 6
- Almenn stærðfræði
- Ljósrituð verkefni frá kennara

Kennslutilhögun:

Kennslustundir voru fjórar á viku en auk þess höfðu nemendur möguleika á að vinna í stærðfræði í vinnustundatímum sem voru fjórum sinnum í viku, hálf tími í senn.

10. bekk var skipt í tvo blandaða námshópa og gekk það vel.

Markmiðum ársins var skipt niður í kafla og fengu nemendur áætlun yfir hvernig vinnunni skyldi háttað í kringum hvern kafla. Á áætlununum kemur fram að hvaða markmiðum er verið að vinna, hvað eigi að vinna vikulega og hvernig námsmatinu er háttað.

Í upphafi hvers kafla var innlögn á töflu og nemendur tóku glósur. Nemendur unnu svo ýmist einstaklingslega, í pörum eða litlum hópum við lausn verkefna.

Nokkuð reglulega voru gagnvirk verkefni og spil notuð í kennslunni.

Námsmat:

Námsmat var í lok hvers kafla eða u.þ.b. mánaðarlega yfir allt skólaárið. Námsmat var nokkuð fjölbreytt; einstaklingskannanir teknar í skóla, heimaverkefni, samvinnuverkefni og þá unnu nemendur stærra paraverkefni í lokin og skiluðu jafningja- og sjálfsmat upp úr því.

Samfélagsfræði

Námsgögn:

- Á ferð um samfélagið
- **Viðbótarefni**
 - Sögueyjan, 3. hefti.
 - Lýðræði & tækni
 - Styrjaldir & kreppa
 - Efni frá kennara

Kennslutilhögun:

- Þátttaka nemenda og gagnvirkni.



- Kennsluaðferðir sem geta stuðlað að aukinni hæfni í samfélagsgreinum; umræðu- og spurnaraðferðir sem þjálfa samræðu og gagnrýna hugsun.
- Efling gagnrýnnar hugsunar á sér stað í samræðu. Vettvangur þar sem nemendum gefst tækifæri til að fjalla um, hugleiða og ræða sín á milli, við kennarann, um ákveðna þætti námsefnisins á markvissan, krefjandi og skapandi hátt.
- Hópvinnu getur alið af sér samkennd, samræður, tjáningu og dýpri skilning, ásamt því að auka skilning á viðhorfum og skoðunum annarra.
- Hópvinnu styrkir sjálfsmynd og eykur sjálfstraust og samábyrgð nemenda.
- Að nemendur fái ávallt tækifæri til að ræða um efnið sem unnið er með og að þeir vinni sem mest saman í litlum hópum eða þörum að lausn verkefna.
- Heimildavinna, vettvangsferðir og viðtöl.
- Nám í samfélagsgreinum þarf að tengja við fyrri reynslu nemenda, gefa þeim tækifæri til að hafa áhrif á hvað þeir læra og hvernig.

Notast við;

- Myndir
- Myndbönd, stutt og lengri
- Kvikmyndir og þættir
- Kort og tölur
- Glósur og hugtakakort
- Facebook og fyrirlestrar
- Heimaverkefni og tilraunir

Náttúrufræði

Námsgögn:

- Mannslíkaminn.
- Maður og náttúra.
- Námsgögn útbúið af kennara
- Efni á netinu; s.s. Youtube, Vísindavefurinn.
- Áhöld í verklega kennslu.

Kennslutilhögun:

1 x 60 mín í viku, allur hópurinn í senn.

1 x 60 mín í viku, hópaskipt.



Viðfangsefni 10. bekkjar voru aðallega mannslíkaminn (kynfræðsla), eðlisfræði, vistfræði og umhverfisfræði. Reglulega var uppbrot í námsefni og fjallað um efni sem kennari taldi líklegt að nemendum þætti áhugavert.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, heimildavinna, verkleg kennsla, umræðu – og spurnaraðferðir og samvinnunám.

Námsmat:

Verkefni um fósturþroska.

Verkefni um ábyrga kynhegðun.

Eðlisfræðikönnun.

Vistfræðiverkefni.

Verkefnahefti (verkleg eðlisfræði, umhverfisfræði).

Lokapróf.

Upplýsingatækni

Námsgögn:

- Verkefni í upplýsingaleit, greiningu og meðferð.
- Verkefni í tengslum við internetið og gagnasöfn, leitar.is, landsaðgang að gagnasöfnum, samskrá íslenskra bókasafna og aðrar upplýsingaveitur.
- Heimildaleit og heimildaskráning, verkefni útbúin af kennara.
- Náms efni í Excel, Word og PowerPoint af vef Menntamálastofnunar; viðbótarverkefni útbúin af kennara.
- Padlet, verkefni útbúin af kennara.
- Vélritunaræfingar af <https://sense-lang.org>.

Kennslutilhögun:

Kennari var einn. Nemendur voru í tveimur hópum, kynjaskipt fram að áramótum en blandað eftir áramót. Nemendur mættu einu sinni í viku, klukkustund í senn. Unnin voru verkefni í tölvustofu, fyrir utan einn tíma á skólabókasafni. Verkefni voru ýmist einstaklings- eða hópverkefni.

Námsmat:

Verkefni og vinna í tímum. Merkt við hæfniviðmið í Mentor. Lokamat að vori í bókstöfum.

Enska

Námsgögn:



- Spotlight 10 lesbók og vinnubók, er þetta aðalnámsbókin sem er rauður þráður yfir veturinn. Í henni eru lestextar og fjölbreytt verkefni sem reyna á ritun, lesskilning, hlustun og þá er einnig sér kafla um málfræði
- Gladiator – hugtakakort – skilaverkefni
- Murder on the Orient Express
- Enska kennslusíður svo sem <https://www.ixl.com/> <https://www.englishpage.com/grammar/index.html> nearpod.com
- Áhorf og hlustun – ýmsir þættir af netinu svo sem mms.is, youtube.com, 60 minutes, TED Ed og Netflix

Kennslutilhögun:

Nemendur og kennari fóru yfir málfræðiglósur í tímum og stuttar kannanir voru teknar.

Við horfðum einnig á kvikmyndir og unnum verkefni úr þeim, The Sixth Sense, Gladiator og Shawshank Redemption.

Nokkur stærri verkefni:

*Fylki Bandaríkjanna, þar sem nemendum var skipt í hópa, þeir völdu sér fylki og kynntu sér það. Skiluðu með kynningu og ritun.

*Interview skilaverkefni, nemendur hlusta á viðtöl við frægt fólk og skila þýðingu.

*News, nemendur gera stuttan fréttabátt. Heppnaðist mjög vel.

Námsmat:

Orðaforða-, málfræði- og hlustunarkannanir, bókmennntaverkefni, kvikmyndaverkefni og önnur stutt eða löng verkefni frá kennara.

Danska

Námsgögn:

- Smásögurnar Pigen med det blå hår og Den lille og den store viser.
- SMIL og EKKO lesbók og valdar síður úr vinnubók. Dagbók, sem nemendur skrifa í stuttar hugleiðingar og krossglímur tengdar því efni sem unnið er með hverju sinni.
- Málfræðiglósur og málfræðiverkefni frá kennara.
- Kvikmyndir og þættir: Midsommer, Dicte, Blinkende lygter.
- Einnig var dönsk tónlist notuð í náminu og tölurnar voru æfðar með því að spila bingó.
- Ýmis jólaaverkefni frá kennara.

Kennslutilhögun:

Bekknur var kennt í tveimur hópum.

Lögð var áhersla á að nemendur ynnu saman að þeim viðfangsefnum sem lögð voru fyrir þá. Ýmist var það að kennari skipti í vinnuhópa eða nemendur gerðu það sjálfir.



Smásögurnar Pigen med det blå hår og Den lille og den store viser voru lesnar í tímum og unnu nemendur skrifleg verkefni sem og að ræða sögurnar í litlum hópum.

Í desember voru kennslubækur lagðar til hliðar og aðeins unnin jólaverkefni. Ýmis verkefni unnin sem tengjast jólum og jólahaldi, bæði á Íslandi og í Danmörku.

Áhorf tók töluverðan tíma þennan veturinn, í þeim vikum sem horft var á Dicte var ekkert annað gert þar sem þættirnir taka næstum heilan tíma.

Kim Larsen spilaði stóran þar þátt í tónlistinni og voru verkefni unnin um hann eftir fráfall hans.

Aðeins eitt þema var í 10. bekk þetta árið, föt. Nemendur unnu ljósritað hefti með verkefnum varðandi mat og gerðu myndbönd að því loknu.

Verkefni um þekktan Dana, De kendte og kongelige.

Málfræðiglósur, nafnorð og sagnorð og málfræðiverkefni frá kennara. Lýsingarorðaverkefni.

Raðtölurnar og dagarnir voru æfð með því að í upphafi hvers tíma var farið yfir hvaða dagur var, bæði vikudagur og dagur í mánuðinum.

Nemendur þýddu matseðil mótuneytisins yfir á dönsku í lok hvers mánaðar, matseðillinn hangir svo á dönsku uppi á vegg í stofunni.

Tveir dönskutímar á viku.

Námsmat:

Hópverkefni og einstaklingsverkefni. Ritunarverkefni. Munnleg verkefni af ýmsum toga. De kendte og kongelige. Hlustunarpróf. Lokapróf. Hæfnikort í Mentor.

Viðburðir á unglingastigi

Flæðivika 5.-9. nóvember

Jóladagur, öðruvísi dagur, 19. desember – göngutúr, söngur og félagsvist

9. bekkur Laugar í Sælingsdal vikuna 4. – 8. febrúar

Þorablót 8. bekkjar, 7. febrúar

20. mars leikhús á Akureyri, Fyrirlestur um eitthvað fallett í Hofi

Uppbrotsvika vegna árshátíðar og flæðivika 25. – 29. mars

29. mars árshátíð unglingastigs

Litlu ólympíuleikarnir 5. apríl

21. maí 9. bekkur, stelpur á Akureyri – Stelpur og tækni

Hvalaskoðun, sigling 15. maí

10. bekkur skólaferðalag 27. – 29. maí

8. og 9. bekkur – öðruvísi dagur, 29. maí – tiltekt í töskum, sprell í höllinni og tónlistarbingó

Söngsalir og dans nokkrum sinnum yfir skólaárið.

Þorablót 8. bekkjar 2019

Þorablótið fór fram fimmtudagskvöldið 7. febrúar. Þá viku féllu faggreinatímar niður og tíminn notaður til undirbúnings fyrir blótið, samveru, dans og söngva. Nemendum er skipt í nefndir að undangenginni könnun á áhuga þeirra; tónlistar- og kvikmyndanefnd, skemmtinefnd, skreytinganefnd, auglýsinga- og aðgöngunefnd, móttökunefnd og veislustjórar. Nefndir starfa sjálfstætt en hafa aðgang að starfsmanni sem hefur umsjón með vinnu nefndarinnar. Hver nefnd fær erindisbréf með verkum sínum. Nemendur fóru í heimsókn í Norðlenska og fengu skemmtilega skoðunarferð um húsið. Í heimsókninni fengu nemendur að bragða þorramat.



Eftir hádegismat á fimmtudeginum fékkst aðgangur að salnum. Nemendur höfðu fengið að fara örlítið fyrr heim á þriðjudeginum og klukkutíma fyrr á miðvikudeginum svo þeir gætu verið lengur en hin hefðbundna stundatafla sagði til um. Það tókst vel og flestir komust heim upp úr klukkan 15. Starfsfólk og nemendur sóttu borð af efri og neðri gangi í eldri byggingu og röðuðu upp í salinn. Hefð er fyrir því að foreldrar séu með tvö skemmtiatriði. Annars vegar að birta gamlar fermingamyndir af sér og annað atriði hinsvegar. Foreldrar endurgerðu atriði úr Lion King sem nemendur 8. bekkjar höfðu sett upp ári áður og sungu svo í lokin.

Í þoravíkunni var dansað þrisvar og að auki einu sinni með foreldrum seinnipart dags. Sungið var þrisvar sinnum. Ásta Magnúsdóttir æfði sönginn. Ásta spilaði jafnframt undir á blótinu sjálfu og hún stjórnaði söngnum um leið. Hjá ritara er söngbók sem hefur verið notuð frá ári til árs.

Veislustjórar voru tveir. Þeir gerðu handrit fyrir blótið sem þeir fylgdu. Mikilvægt er að bæði umsjónarkennarinn og tæknistjórinn séu með eintak af dagskrá kvöldsins. Dansiball hófst um eða upp úr kl. 21. Gömlu dansarnir höfðu verið æðir í skólanum þrisvar sinnum í vikunni, hálf tíma í senn. Dansæfingar voru á hendi íþróttakennara. Boðað var til foreldradansæfingar sem gafst mjög vel. Þar mættu foreldrar með börnum sínum og æfðu dansinn. Þetta bæði þjálfaði foreldra í dansinum og braut ísinn fyrir nemendur að dansa við foreldra annarra nemenda. Eftir gömlu dansana tók svo við diskótek, sem tónlistarnefnd nemenda hafði undirbúið. Diskói lauk um kl. 23.

Laugar í Sælingsdal, 9. bekkur 4. – 8. febrúar 2019

Fararstjórar í ferðinni voru þrír, Halla Rún Tryggvadóttir, Freyþór Hrafn Harðarson og Þóra Björg Sigurðardóttir.

Lagt var af stað klukkan 5:30 að morgni mánudagsins 4. febrúar. Komið var við í Hafralækjarskóla og við Einarstaði í Reykjadal og nemendur og kennari Þingeyjarskóla teknir með. Komið var á Lauga um hádegisbil. Dvölin gekk mjög vel og voru nemendur til mikillar fyrirmyndar. Fararstjórar unnu mjög vel saman, bæði þeir frá Borgarhólsskóla sem og samvinna við aðra fararstjóra og starfsfólk Lauga sömuleiðis. Nemendur voru fljótir að aðlagast nýju umhverfi og eignast nýja vini. Margir fóru langt út fyrir rammann í hinum ýmsu verkefnum sem lögð eru fyrir á Laugum.

Allir komu glaðir og kátir heim seinnipart föstudagsins 8. febrúar.



Skólaíþróttir, list og verkgreinar

Tónmennt / Sviðslistir

1.bekkur 1.bekkur kom 2x í viku í tónmennt. Hvor bekkur kom í 40 mín í hvort skipti. Unnið er með námsefni eftir Hólmfríði S. Ben þar sem solfakerfi og fuglar eru samtvinnaðir.

Það var lagið, hugmyndaefni í tónmennt. Karnival dýranna saga og bækur. Kennari útbýr verkefnahefti með vorlögum og Karnival dýranna. Námsmat er í formi símats.

2.-3.bekkur Tónmennt var kennd í 7 vikur, 3 klst í viku. Hver hópur samanstóð af 12 – 13 nemendum. Hóparnir voru árgangaskiptir nema 1 hópur af sem var blandaður úr báðum árgöngum. Námsgögn: Pétur og úlfurinn, Það var lagið, Syngjandi skóli, Námsefni sem kennari útbýr, lög, dansar, söngleikir, leiklistaræfingar, zumbadansar.

Námsmat er í formi símats.

4.-5.bekkur

Sviðslistir voru kenndar í 7 vikur, 3 klst í viku. Hver hópur samanstóð af 12 – 15 nemendum. Hóparnir voru árgangaskiptir, fyrir utan einn hóp sem var blandaður úr báðum árgöngum. Í tímum er farið í allskonar leiklistarleiki og æfingar sem hjálpa börnunum að stiga út fyrir þægindaramman og koma fram. Lögð var áhersla á karakterninnu, spunaæfingar, að opna líkama og sál, tilfinningavitund og sköpunargleði. Hver hópur fékk einnig að horfa á söngleik og farið var yfir muninn á uppsetningu á sviði og bíómynd. Námsmat er í formi símats.

6.-7.bekkur Sviðslistir voru kenndar í 7 vikur, 3 klst í viku. Hver hópur samanstóð af 12 – 15 nemendum. Hóparnir voru árgangaskiptir, fyrir utan einn hóp sem var blandaður úr báðum árgöngum. Í tímum er farið í allskonar leiklistarleiki og æfingar sem hjálpa börnunum að stiga út fyrir þægindaramman og koma fram. Lögð var áhersla á karakterninnu, spunaæfingar, að opna líkama og sál, tilfinningavitund og sköpunargleði. Hver hópur fékk einnig að horfa á söngleik og farið var yfir muninn á uppsetningu á sviði og bíómynd. Námsmat er í formi símats.



Stúlnakór Húsavíkur

Kóræfingar eru einu sinni í viku í eina klukkustund. Einnig eru aukaæfingar eftir þörfum og þá aðallega fyrir tónleika. Í vetur voru meðlimir 23 úr 5. – 10. bekk. Markmiðið á æfingum er að skapa jákvætt og glaðlegt andrúmsloft þar sem kórsöngur ræður ríkjum. Sungið er í röddum eins og kostur er.

Heimilisfræði

2.-3. bekkur Heimilisfræði var kennd í 7 vikur, 3 klst í viku. Hver hópur samanstóð af 11 – 14 nemendum. Hóparnir voru árgangaskiptir nema 1 hópur af sem var blandaður úr báðum árgöngum. Námsmat er í formi símats. Verkefni voru úr bókunum *Hollt og gott 2*, Heimilisfræði 2 og 3 og *Ungafólkið og eldhússtörfin*. Reynt var að byggja á þessum bókum og áherslu á hreinlæti, það gekk vel og skilar sér vonandi í framtíðinni.

4.-5. bekkur Heimilisfræði var kennd í 7 vikur, 3 klst í viku. Hver hópur samanstóð af 10 – 13 nemendum. Hóparnir voru árgangaskiptir nema 1 hópur sem var blandaður úr báðum árgöngum. Námsmat er í formi símats. Verkefni voru úr bókunum *Gott og gagnlegt 1*, Heimilisfræði 4 og meðfylgjandi vinnubók sem dekkja fjölbreyttar uppskriftir og bóklega vinnu þar sem áhersla er lögð á næringarefni ávaxta og grænmetis, umhverfisvernd og þvott.

6.-7. bekkur Heimilisfræði var kennd í 7 vikur, 3 klst í viku. Hver hópur samanstóð af 11 – 13 nemendum. Hóparnir voru árgangaskiptir nema 1 hópur sem var blandaður úr báðum árgöngum. Námsmat er í formi símats. Verkefni voru úr *Gott og gagnlegt 3 + vinnubók* og nokkrar af bókum *Hagkaupa*. Áhersla var á fæðuflokkana, orkuefnin, meðferð og geymslu matvæla, örverur og virkni þeirra, kornvörur og krydd.

Val 8.-10. bekkur.

Í vetur vorum við blandaða hópa úr þessum bekkjum og fórum yfir flestar aðferðir við bakstur og reyndum að elda fjölbreytt bæði kjöt og fisk. Kynntum okkur aðeins ítalska og kínverska matargerð. Skemmtilegt var líka að leyfa krökkunum að takast á við að elda úr völdum hráefnum án uppskrifta og skapa allt sjálf.

Smíðar

2.-3. bekkur Smíðar voru kenndar í 7 vikur, 3 klst í viku. Hver hópur samanstóð af 9 – 12 nemendum. Hóparnir voru árgangaskiptir nema 1 hópur af sem var blandaður úr báðum árgöngum.



Námsmat er í formi símats. Verkefni vetrarins voru hönnun og smíði leikfangabáts, leynikassi, kertastjaki, hönnun og smíði leikfangafaratækis, tálgun og verkefni eftir eigin hugmynd/áhuga

4.-5.bekkur Smíðar voru kenndar í 7 vikur, 3 klst í viku. Hver hópur samanstóð af 10 – 13 nemendum. Hóparnir voru árgangaskiptir nema 1 hópur af sem var blandaður úr báðum árgöngum. Námsmat er í formi símats. Verkefni vetrarins voru vinna með horn og bein, tálgun, tangramspíl, blaðagámur (skreytur eftir eigin hugmyndum, gerðum stensil með vinylskeranum), standani púsl, frjálst verkefni.

6.-7.bekkur Smíðar voru kenndar í 7 vikur, 3 klst í viku. Hver hópur samanstóð af 11 – 13 nemendum. Hóparnir voru árgangaskiptir nema 1 hópur sem var blandaður úr báðum árgöngum. Námsmat er í formi símats. Verkefni vetrarins voru hönnun íbúðar á netinu (notuðum homestyler.com), brauðbretti eftir eigin hugmynd, þorratrog (skreytt eftir eigin hugmyndum, gerðum stensil með vinylskeranum), frjálst verkefni.

Val 8.-10. bekkur

Smíðaval var kennd 1 klst í viku báðar annir. Hópurinn var blandaður úr öllum árgöngum og samanstóð af 10-12 nemendum. Námsmat er í formi símats. Verkefni vetrarins voru hönnun og smíði dagatals og verkefni eftir eigin hugmynd/áhuga.

Textílmennt

2.-3.bekkur Textílmennt var kennd í 7 vikur, 3 klst í viku. Hver hópur samanstóð af 9 – 12 nemendum. Hóparnir voru árgangaskiptir nema 1 hópur sem var blandaður úr báðum árgöngum. Námsmat er í formi símats. Námsgögn voru ýmsar hugmyndir af pinterest og verkefnabókin frá Helgu Dagný. Vélsaumsæfingar af vefnum textílmennt. Verkefni vetrarins voru dúskagerð, létt vefverkefni, handabréður, bangsagerð og vélsaumuð pennaveski.

4.-5.bekkur Textílmennt var kennd í 7 vikur, 3 klst í viku. Hver hópur samanstóð af 10 – 13 nemendum. Hóparnir voru árgangaskiptir nema 1 hópur sem var blandaður úr báðum árgöngum. Námsmat er í formi símats. Námsgögn voru ýmsar hugmyndir af pinterest og verkefnabókin frá Helgu Dagný. Verkefni vetrarins voru bangsagerð, dúskar, grjóna hitapoki, þæfing, útsaumur og vélsaumur.



6.-7.bekkur Textílmennnt var kennd í 7 vikur, 3 klst í viku. Hver hópur samanstóð af 11 – 13 nemendum. Hóparnir voru árgangaskiptir nema 1 hópur sem var blandaður úr báðum árgöngum. Námsmat er í formi símats. Námsgögn voru ýmsar hugmyndir af pinterest og verkefnabókin frá Helgu Dagný, vélsaumsæfingar af vefnum textílmennnt. Verkefni vetrarins voru vefverkefni, draumafangara, vélsaumur og þrykking með fatalit.

Sjónlistir

1.bekkur Sjónlistir voru kenndar í klukkustund á viku. Bekknum var skipt í tvo hópa og var hvor hópur ½ klukkustund. Námsmat var í formi símats og verkefna í sýnismöppu. Verkefni vetrarins voru unnin í samvinnu við bekkjarkennara og samþætt við verkefni annarra greina. Verkefni vetrarins: Sjálfsmynd að hausti vatnslitamynd. Frumformin klippiverkefni. Bókstafir og tölustafir málun. Fiskur úr pappadisk; klippiverkefni, endurnýting. 10 vinir teikning, málun og klippiverkefni. Húsið mitt, vatnslita- og klippiverkefni. Þrykkvinna endurnýting, máling. Aðventuverkefni: Bjart er yfir Betlehem, máling. Andlitsmynd að vori olíulitir, vatnslitir, blek. Uglur, endurnýting textils. Ég og frumformin, klippiverkefni.

2.-3.bekkur Sjónlistir voru kenndar í 7 vikur, 3 klst í viku. Hver hópur samanstóð af 12 – 13 nemendum. Hóparnir voru árgangaskiptir nema 1 hópur sem var blandaður úr báðum árgöngum. Námsmat er í formi símats og verkefna í sýnismöppu. Verkefni vetrarins voru; Leirverkefni; dýr og nytjahlutur. Sjálfsmynd, vatnslitir, teikning. Munsturgerð. Ég sem ofurhetja teikning, olíu- og vaxlitir. Klippimyndir, verkefni unnin úr gömlum bókum, nótnablöðum, listaverkabókum. Frumformin og fyrirmæli teikning, klippiverkefni. Myndlistasaga, Michelangelo kynntur, teikning, trélitir.

4.-5.bekkur Sjónlistir voru kenndar í 7 vikur, 3 klst í viku. Hver hópur samanstóð af 12 – 13 nemendum. Hóparnir voru árgangaskiptir nema 1 hópur sem var blandaður úr báðum árgöngum. Námsmat er í formi símats og verkefna í sýnismöppu. Verkefni vetrarins: Haustið, þrykkvinna, máling, blýantsteikningar. Sjálfsmynd vatnslitir, teikning. Leirverkefni; dýr og nytjahlutur. Frumformin og fyrirmæli teikning, klippiverkefni. Óðurinn til bókarinnar, klippimyndir, verkefni unnin úr gömlum bókum, nótnablöðum, listaverkabókum. Heitir og kaldir litir þekjulitir og olíukrít. 5. bekkur vann leirverkefni fyrir sýningu á Hvalasafninu. 4. bekkur málaði á glugga. Litahjólið, hvað eru grunnlitir og hvernig blandast þeir. Myndlistasaga, Pablo Picasso kynntur, abstract málverk unnið út frá því, þekjulitir.



6.-7.bekkur Sjónlistir voru kenndar í 7 vikur, 3 klst í viku. Hver hópur samanstóð af 12 – 13 nemendum. Hóparnir voru árgangaskiptir nema 1 hópur sem var blandaður úr báðum árgöngum. Námsmat er í formi símats og verkefna í sýnismöppu. Verkefni vetrarins voru; Frjáls leirverkefni. Mála á leikvöll. Andlitsmynd, teikning, kol, vatnslitir. Munsturmyndir endurvinnsla, ýmsar aðferðir. Unnið með blek. Þrykkvinna máling. Málað með fótunum, máling. Heitir og kaldir litir, teikning, máling. Myndlistasaga; Leonardo da Vinci kynntur, unnið verkefni út frá listaverkinu Mona Lisa, trélitir, teikning. Vincent van Gogh kynntur, verkefni unnið út frá listaverkinu Stjörnunótt, olíu- og vaxlitir, teikning. Pennateikning unnið með munstur, línur og litaskala. Sápukúlublóm, fljótandi vatnslitir og pennateikning.

Val. Sjónlistir voru kenndar í fjóra mánuði, 1 klst í viku. Í hópnum voru 11 nemendur úr 8.-10. bekk. Námsmat er í formi símats og verkefna í sýnismöppu. Verkefni vetrarins voru; unnið með verkfæri vetrarins munsturgerð, teikning. Málað á leikvöll. Óðurinn til bókarinnar, endurvinnsla klippimyndir. Andlitsmynd, teikning. Líkaminn blýantur/kol. Vatnslitamyndir. Unnið út frá ljósmynd, klippimynd, teikning. Munsturmyndir, endurvinnsla. Blekmyndir. Leirverkefni. Ferninga myndir, teikning. Grunnur að barnabók, frjáls aðferð.

Íþróttir

1. - 7. bekkur

Ein 60 mín kennslustund á viku hjá 4.- 7. bekk og tvær 60 mín hjá 1.- 3. bekk. Tveir íþróttakennarar í hverjum tíma sem er fyrir allan árganginn. 1. – 3. bekkur komu í íþróttir hver bekkur saman, en 4. og 5. bekkjar teyminu var skipt í tvo blandaða hópa og 6. og 7. bekkjar teymi var kynjaskipt.

Tímarnir voru settir upp á ýmsa vegu, allir saman eða skipt í hópa og verkefni eftir því. Stundum ákváðu kennarar hvað ætti að vera í hverju hólfi og fengu nemendur að velja sér hólf og einstaka sinnum var frjálst og fengu nemendur þá að gera það sem þeim datt í hug.

Við reynum eftir fremsta megni að koma öllum þeim þáttum sem eru í aðalnámskrá inn í áætlun vetrarins.



Æfingaforritið Sideline er miðlægur gagnagrunnur á netinu sem er notaður til að halda utan um tímaseðla. Þar liggja allir eldri tímaseðlar vetrarins og síðustu ára.

Námsmat samanstendur af: færni mældri með prófum, niðurstöður þeirra settar inn í námsmarkmið í Mentor og birt á fjölskylduvef. Virkni, frumkvæði og vinnubrögð auk samskipta bæði við samnemendur og kennara.

8. – 10. bekkur

Hver bekkur kom saman einu sinni í viku, 60 mín. í senn. Líkt og síðasta vetur var auka íþróttatími hjá þeim 10. bekkingum sem náðu að ljúka 10. sundstiginu vorið áður.

Við reynum að koma öllum þeim þáttum sem eru í aðalnámskrá inn í áætlun vetrarins.

Æfingaforritið Sideline er miðlægur gagnagrunnur á netinu sem er notaður til að halda utan um tímaseðla. Þar liggja allir eldri tímaseðlar vetrarins og síðustu ára.

Námsmat samanstendur af: færni mæld með prófum, niðurstöður þeirra settar inn í námsmarkmið í Mentor og birt á fjölskylduvef. Virkni, frumkvæði og vinnubrögð auk samskipta bæði við samnemendur og kennara.

Litlu Ólympíuleikarnir

Litlu Ólympíuleikarnir voru haldnir dagana 18. - 21. mars fyrir 2. - 9. bekk, 5. apríl fyrir 10. bekk og 23. maí fyrir 1. bekk. Hvert teymi fékk sína leika og þeir voru haldnir á þeim degi sem viðkomandi teymi var í íþróttum. Í boði voru 10-15 keppnisgreinar í hverju teymi og skráðu nemendur sig í greinar viku fyrir leikana. Engin skylda var að taka þátt en allir voru hvattir til þátttöku. Þeir sem völdu að taka ekki þátt voru áhorfendur, stuðningsmenn og stundum aðstoðarmenn. Leikarnir hófust uppúr hálf níu og lauk þeim um hádegi. Þessir dagar gengu mjög vel og virtust börnin vera alsæl með sinn afrakstur.

Hjá 1. bekk voru Litlu Ólympíuleikarnir með aðeins öðru sniði en þeim eldri. Þau skráðu sig ekki í neina sérstaka grein, heldur var þetta bara kynnt í íþróttatímum og þar höfðu börnin tækifæri á að spreyta sig í greinunum. Þeirra Litlu Ólympíuleikar voru haldnir fimmtudaginn 23. apríl (að sundkennslu lokinni). Skóladagurinn hófst uppi í skóla kl. 8:15 þar sem umsjónarkennarar tóku á móti nemendum og gengu í skugga um að allir væru mættir og með íþróttaföt. Á meðan höfðu íþróttakennarar tíma til að setja upp í Höllinni. Börnin komu síðan í Höllina kl. 8:45, tilbúin til leiks. Ákveðið var að hafa einungis eina þraut í gangi hverju sinni og reynt að hvetja alla til að taka þátt í sem flestum greinum. Þegar þraut var lesin upp þá komu þeir sem vildu taka þátt niður á gólf. Ekki var um neina keppni að ræða, þ.e.a.s. ekki var verið að telja, taka tímann eða þess háttar. Markmiðið var að börnin myndu kynnast og venjast forminu á leikunum og vera óhrædd við að spreyta sig fyrir



framan aðra. Þetta varð til þess að meirihlutinn að börnunum var alltaf að taka þátt og örfáir að horfa á hverja grein, sem var frábært. Frá 9:40 - 10:00 fóru nemendur í frímínútur og að þeim loknum var ávaxtastund. Leikunum lauk svo kl. 11:20. Þá kvöddum við alla með bros á vör og börnin héldu í mat. Þau enduðu svo skóladaginn í umsjónarstofum ásamt íþróttakennara. Svo vildi til að 1. bekkur var í íþróttum eftir hádegi en það þótti helst til of mikið að halda þeim íþróttatíma eftir Litlu Ólympíuleikana. Þetta er gott að hafa í huga að ári.

Með 1. bekk þennan daginn voru einn íþróttakennari, tveir umsjónarkennarar og einn stuðningsfulltrúi og gekk það mjög vel. Gott er að hafa bakvið eyrað að halda vel á spöðunum fyrir frímínútur og reyna að klára eins mikið af þrautum og hægt er, því það getur tekið tíma fyrir þessi yngstu að ná einbeitingu aftur eftir að hafa farið út í frímínútur.

Greinarnar voru kynntar fyrir nemendum 2. - 10. bekkjar u.þ.b. þremur vikum fyrir leikana og þeim stóð til boða að prófa þær og æfa sig í íþróttatímum. Skráning fór fram í vikunni fyrir leikana en nemendur gátu þó endurskoðað skráningu sína þar til leikar hófust. Dagurinn byrjaði upp í skóla kl. 8:15 þar sem tekið var manntal og athugað hvort ekki væru allir með íþróttaföt. Ekki var endilega gert ráð fyrir að nemendur kæmu með nesti þar sem ávextir væru í boði, en þó bent á að þeir sem tækju þátt í mörgum greinum þyrftu líklegast á aukaorku að halda sem þau gátu þá tekið með sér. Á meðan höfðu íþróttakennarar tíma til að stilla upp í Höllinni. Nemendur komu niður í Höll kl. 8:40 með þeim kennara sem átti að vera að kenna þeim. Þeir kennarar sem áttu að vera að kenna hverjum hóp fyrir sig hverju sinni fylgdu hópunum á þeim tíma, einnig var einn íþróttakennari með þeim. Undanfarin ár hafa nokkrir nemendur á unglingastigi verið fengnir til að aðstoða við tímatöku og mælingar. Í ár var þó einungis fengið aðstoð í 2. og 3. bekk, en best væri ef aðstoð fengist einnig með miðstigi. Öll teymi tóku frímínútur kl. 9:40-10:20 og nemendur fengu ávexti/nesti að þeim loknum. Allir hópar voru að klára þegar þeirra matartími hófst, en eftir hádegi var farið eftir venjulegri stundatöflu. Hjá 4. - 5. bekk og 6. - 7. bekk náðist þó ekki að klára þrautina „hoppa yfir lækinn“, en mjög góð þátttaka var í þeirri grein. Því var brugðið á það ráð, í samráði við umsjónarkennara, að klára þá þraut í íþróttatíma vikuna á eftir. Það tókst vel og lítið sem ekkert rask varð á skóladegi nemenda. Á Litlu Ólympíuleikunum sjálfum vorum við ýmist með eina eða tvær greinar í gangi hverju sinni, en það fór svolítið eftir þátttöku í greinunum.

Hver nemandi í 2. - 7. bekk fékk að skrá sig í allt að fimm greinar, en nauðsynlegt er að setja einhver viðmið til að geta fylgt tímaplani, þó ekki sé nema gróflega. Ef aðstæður leyfðu var þó lítið mál að bæta við sig greinum á keppnisdegi. Á efri skólastigum, 8. - 10. bekk, minnkar þátttakan og því



setjum við ekki eins ströng mörk á fjölda greina hver nemandi má taka þátt í, en voru þau þó dugleg að skrá sig.

Allur árangur er skráður í tölvu og þá geta nemendurnir séð hvernig þeim gengur frá ári til árs..

Sund

1. – 3. bekkur

2. – 3. bekkur kom á sundnámskeið í byrjun hausts og enda vors, en 1. bekkur eingöngu að vori. Hvert námskeið var 10 dagar og hver kennslustund var 40 mín. Bekkir komu í tveimur hópum, íþróttakennarar voru tveir að kenna og stuðningur kom með ef þurfti. 2. bekk var yfirleitt skipt í 2 hópa, annar hópurinn var í sundlauginni og hinn í barnalauginni og svo skipt. 3. bekkur var alltaf í sundlauginni. Farið var í ýmsa leiki og grunntækni. Tímaseðlar eru geymdir á OneDrive, Námsmat samanstendur af: færni mæld með prófum (stuðst við gömlu sundstigin), niðurstöður þeirra settar inn í námsmarkmið í Mentor og birt á fjölskylduvef. Virkni, frumkvæði og vinnubrögð auk samskipta bæði við samnemendur og kennara.

4. – 7. bekkur

Ein 60 mín kennslustund á viku og einn íþróttakennari í hverjum tíma. 6. og 7. bekk var skipt eftir kynjum, hvorum bekk fyrir sig, en í 4. bekk annars vegar og 5. bekk hins vegar komu stelpur og strákar í tveimur blönduðum hópum. Í einhverjum tilfellum kom stuðningskennari með í tímana.

Reynt er að koma öllum þeim þáttum sem eru í aðalnámskrá inn í áætlun vetrarins, með mismunandi hætti, s.s þol, tímatökur og ýmsar æfingar fyrir hvert sund. Tímaseðlar eru geymdir á OneDrive.

Námsmat samanstendur af: færni mæld með prófum (stuðst við sundstigin), niðurstöður þeirra settar inn í námsmarkmið í Mentor og birt á fjölskylduvef. Virkni, frumkvæði og vinnubrögð auk samskipta bæði við samnemendur og kennara.

8. – 10. bekkur

Ein 60 mín kennslustund á viku. Einn íþróttakennari í hverjum tíma. 8. og 9. bekk var kynjaskipt en 10. bekkur var blandaður hópur. Nokkrir nemendur í 10. bekk kláruðu 10. sundstigið við lok 9. bekkjar og fóru þá í 2 íþróttatíma í stað þess að mæta í sund. Einhverjir nemendur voru með 80% mætingu en náðu ekki settum skilyrðum til að ljúka 10. stiginu. Þeir nemendur komu áfram í sund en fengu svo að þreyta sundprófið fyrir jól og flestir náðu því og fóru þá í tvo íþróttatíma eftir áramót. Þeir sem ekki náðu 80% mætingu voru í sundi allt skólaárið og þreyttu prófið um vorið. Sama form



var þetta vorið og hafa nokkrir nemendur sem náðu 80% mætingu í 8. og 9. bekk lokið 10. sundstigi og fara þá tvisvar sinnum í viku í íþróttir.

Uppsetning tímanna er hefðbundin, kennum tækni og þol í bland með ýmsum æfingum. Reynum að koma öllum þeim þáttum sem eru í aðalnámskrá inn í áætlun vetrarins. Tímaseðlar eru geymdir á OneDrive.

Námsmat samanstendur af: færni mæld með prófum, niðurstöður þeirra settar inn í námsmarkmið í Mentor og birt á fjölskylduvef. Virkni, frumkvæði og vinnubrögð auk samskipta bæði við samnemendur og kennara.

Val

Valgreinar eru hluti af skyldunámi. Notast er við hugtakið skylduvalgreinar. Í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla skal nemendum gefinn kostur á að velja námsgreinar og námssvið sem svarar til allt að fimmtungi náms-tímans. Tilgangurinn með valfrelsi nemenda á unglingastigi er að hægt sé að laga námið sem mest að þörfum einstaklingsins og gera hverjum og einum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og fram-tíðaráform í samvinnu við foreldra, kennara og námsráðgjafa.

Eitt af hlutverkum skólaráðs er að fjalla um stefnumótun og sérkenni skóla og þar með framboð valgreina í grunnskóla. Við ákvörðun um framboð og fjölbreytni valgreina er mikilvægt að taka mið af staðháttum, menningu og sögu nærsamfélagsins. Val í námi skal miða að skipulegum undirbúningi fyrir nám í framhalds-skóla og taka mið af undirbúningi fyrir bóknám, starfsmenntun, verknám og list- og tækninám.

Að ósk foreldra er heimilt að meta sem nám tímabundna þátttöku nemenda í atvinnulífi og reglubundna þátttöku í félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfböðastarfi enda falli það að markmiðum skólastarfs. Einnig er heimilt að meta skipulagt nám, sem stundað er utan grunnskóla, til valgreina, t.d. nám við framhaldsskóla, listaskóla og málaskóla.

Í sumum valgreinum er miðast við lágmarksfjölda nemenda. Nemandi velur sér valgreinar til áramóta og velur sér aftur til vors. Val nemanda er bindandi. Það er mikilvægt að halda vel utan um skyldunám nem-enda. Framboðið er mikið og geta nemendur valið milli 25 mismunandi valkosta. Hver nemendi þarf að hafa a.m.k. eina list- og verkgrein í sínu vali. Námskrá gerir ráð fyrir að allt að helmingur valstunda sé bundinn list- og verktengdu námi.

Heimilisfræði, smíðar, stöðvahringur og listasmiðja eru þær valgreinar sem nemendur velja helst auk þess að fá íþróttir metnar.

Valgreinar í boði á skólaárinu

- | | | |
|-------------------|-------------------------|-------------|
| • Tónlistarnám | • Íþróttir | • Félagsmál |
| • Saumar & hönnun | • Byrjendablað | • Tæknilegó |
| • Sviðslistir | • Myndmennt | • Kór |
| • Skólahreysti | • Raftónlist | • Smíðar |
| • Stöðvahringur | • Límmiðar | • Jóga |
| • Heimilisfræði | • Heilbrigði og velferð | • Forritun |

Stuðningur við nám

Við skólann störfuðu í vetur einn iðjupjálfi, einn sérkennari og sjö stuðningsfulltrúar. Að auki sinntu kennarar sérkennslu. Þessi starfsmenn voru í misháum starfshlutföllum, samtals 11 stöðugildi. Einnig nýttust til uppfyllingar kennsluskyldu tímar inn í teymum í 2.-5. bekk og tímar sérgreina-kennara, samanlagt um 24 kennslustundir á viku.

Samsetning nemendahópsins kallar á fjölbreytta kennslu og þjálfun. Metnaður hefur verið lagður í að koma til móts við þarfir nemenda af fagmennsku, með fjölbreytni og samstarf að leiðarljósi. Greiningar og ráðgjöf sérfræðinga, skimanir ásamt faglegu mati kennara og annarra starfsmanna liggja til grundvallar aðlöguðum kennsluáætlunum.



Fjöldi nemenda sem nutu stuðnings eða sérkennslu á einn eða annan hátt voru í vetur í kringum 60 eða um 21%. Misjafnar ástæður lágu þar að baki. Sum börn þurftu fullan stuðning, önnur börn unnu eftir aðlöguðum áætlunum og enn önnur fengu stuðning á stuttum námskeiðum. Með teymiskennslu hafa skil á milli almennrar kennslu, sérkennslu og stuðnings minnkað. Aukið flæði er á milli þessarar kennslu, náms nemenda og starfsmanna. Hvert teymi er samsett af almennum kennurum og þeim sem sjá um sérkennslu og stuðning. Markmiðið er að starfsmenn hvers teymis kenni helst eingöngu í sínu teymi og kenni öllum nemendum. Kennsla í litlum breytilegum hópum hefur aukist, þar sem samsetning hópsins getur verið af ýmsum toga. Því er lögð áhersla á það í skólanum að draga úr því að skilgreina hvað sé sérkennsla og hvað sé almenn kennsla. Svokallaðar flæðistofur eru á hverju teymi en þangað sækja nemendur viðbótarkennslu, hvíld og uppbrot.

Skólaárið 2017-2018 byrjuðum við að bjóða markvisst uppá opna tíma í list- og verkgreinum á öllum stigum bæði fyrir nemendur sem finna styrkleika sína þar og/eða þurfa á uppbroti í skóladaginn að halda en einnig fyrir aðra nemendur til að auka fjölbreytni í námi. Þessir tímar hafa gefist afar vel frá upphafi og verður þeim haldið áfram.

Mjög mikilvægt er að geta boðið nemendum upp á starfstengd nám sem hjálpar þeim til að finna hvar áhugi þeirra liggur og að hverju þeir vilja stefna.

Aðrar skýrslur

Heimasíða og Mentor

Á heimasíðu Borgarhólsskóla er að finna upplýsingar um ýmislegt er varðar skólastarfið og eru nýjar upplýsingar færðar inn reglulega. Meðal efnis eru skrár yfir starfsfólk skólans og nemendur, skóladagatal, skólareglur, námsvísar og skólanámskrá. Upplýsingar um þjónustu námsráðgjafa, hjúkrunarfræðings, skólasafns og fleira er á síðunni. Einnig eru fréttir úr skólastarfinu settar á heimasíðuna í hverri viku. Veffangið er: <http://www.borgarholsskoli.is>. Mentor er upplýsingakerfi fyrir skólasamfélagið. Mentor.is er gagnagrunnur með vefviðmóti sem þýðir að notendur geta unnið í kerfinu hvar og hvenær sem er hafi þeir aðgang að Internetinu. Gagnkvæm og virk upplýsingagjöf milli foreldra og starfsfólks skóla stuðlar að gagnkvæmu trausti milli aðila. Því er lögð rík áhersla á það við hönnun kerfisins að upplýsingagjöf til foreldra sé auðveld og skilvirk. Foreldrar/forráðamenn nemenda fá lykilorð að fjölskylduvef Mentors sem veitir þeim aðgang að upplýsingum um skólagöngu barna þeirra s.s. stundatöflu, ástundun, hæfniviðmið og heimavinnu. Veffangið er: <http://www.mentor.is>.



Bókasafn

Skólasafnið var mikið notað af nemendum í vetur og voru kennarar duglegir að senda þá til að vinna í tölvum eða bara til að slaka á.

Nokkrir nemendur ú 2 og 3 bekk höfðu fasta tíma, einn úr 5. Bekk og 1 úr 1.bekk

Safnið tók þátt í hringekju í 2. og 3. bekk; 4. og 5. og 6.og 7. bekk.

Í frímínútum var alltaf opið og sóttust ákveðnir hópar unglunga eftir því að vera á safninu þá.

Opnunartími var frá 8.00 til 14.00 mánud., til fimmtudags og föstudaga þá var opið til 12.00

Aðeins undirritaður var starfsmaður safnsins.

Í safninu eru ca. 5900 titlar Heildarskráning 9492 (þ.e. eintök sem eru skráð)

Útlán á skólaárinu í gegnum kerfi Gegnis voru ca. 10000 bækur, tímarit og spil.Fækkun frá síðasta ári.

Helsta vinna á safninu er að sjálfsögðu útlán og samskipti við nemendur og kennara sem voru góð í alla staði. Ég gerði mikið af því að prenta út verkefni fyrir nemendur sem komu á safnið til að vinna.

Svo var mikið um hópa frá kennurum sem voru frá vinnu

Alltaf þarf að afskrá einhverjar bækur og blöð sem eru illa farin eða ekki verið lánaðar í mörg ár .

Afskráðir voru 473 titlar mest.

Nýskráningar bóka,blaða, mynda og spila voru 957 titlar. Skiptist þannig: keypt 504, fengið að gjöf 453.

Safnið var áskrifandi að Disneybókum. Bækurnar eu með CD og þeir vilja týnast og skemmast, svo ritari hefur verið að afrita diskana og gengur það vel.

Ég hef lagt töluverða áherslu á að allt sem er á safninu sé skráð til að auðvelda utanumhald.

Magnús Magnússon

Námsráðgjöf

Náms og starfsráðgjafi við Borgarhólsskóla er í 80% starfshlutfalli og stendur þjónusta hans öllum nemendum skólans og foreldrum þeirra til boða. Námsráðgjafi er málsvari og trúnaðarmaður nemenda og er bundinn þagnarskyldu um málefni þeirra, að undanskyldum ákvæðum í lögum um barnavernd nr. 80/2002.

Hlutverk námsráðgjafans er að standa vörð um velferð allra nemenda, styðja þá og liðsinna þeim í málum er snerta nám, líðan og framtíðaráform. Áherslan er á einstaklinginn/nemandann og beinist að því að auka þekkingu hans á sjálfum sér, viðhorfum sínum, áhuga og hæfileikum þannig að honum líði sem best í skólanum og nái að tileinka sér árangursríkar námsvenjur.

Heilsugæsla

Skólahjúkrunarfræðingur við Borgarhólsskóla er í 42% starfshlutfalli með viðveru á skólatíma frá kl. 8:00-12:00. Hlutverk heilsugæslu í skólum er að sinna heilsuvernd nemenda sem er framhald af ung-og smábarnavernd.

Starfsemi heilsuverndar grunnskólabarna er skv. lögum, reglugerðum og tilmælum sem um hana gilda. Hún er meðal annars fólgin í reglubundnum skimunum og eftirliti, ónæmisaðgerðum, heilbrigðisfræðslu, lyfjagjöf og teymisvinnu kringum einstök mál.



Samkvæmt tilmælum Landlæknis eru gerðar skimanir í fjórum árgöngum á hverju skólaári. Það er í 1., 4., 7. og 9.bekk, þá er mæld hæð, þyngd og sjón ásamt því að hjúkrunarfræðingur tekur lífs-tílsviðtal við hvert barn. Skólaárið 2018-2019 gerði skólahjúkrunarfræðingur samtals 158 mælingar á hæð og þyngd, 108 sjónpróf og tók 104 nemendur í lífstílsviðtal. Nemendur í 7.og 9.bekk voru einnig bólusettir í skólanum og framkvæmdi skólahjúkrunarfræðingur 78 ónæmisáðgerðir þetta skólaárið. Börn í öðrum bekkjum eru mæld og skoðuð eftir þörfum. Skipulögð heilbrigðisfræðsla og forvarnarstarf fer í hvern bekk skólans á hverju skólaári, ýmist koma nemendur í smærri hópum til skólahjúkrunarfræðings í þá fræðslu eða skólahjúkrunarfræðingur fer með fræðsluna inn í bekki. Fyrir utan þessi verkefni fékk skólahjúkrunarfræðingur 846 óskipulagðar heimsóknir frá nemendum.

Mötuneyti

Starfsmenn í mötuneyti eru 4 í 3,25 hlutfalli. Yfirmatráður og þrír almennir starfsmenn. Mikil og almenn ánægja er með aðstöðu og matinn. Verð var 499krónur . Nemendur snæða í þremur hópum og hafa val um það hvort þeir fari út að mat loknum.

Yngsta stig 11.20-11.50.

Miðstig 11.50-12.20.

Unglingastig 12.20-12.50

Nemendur FSH geta keypt áskrift og mæta í mat klukkan 11:30 með yngsta stigi.

Rekstur mötuneytisins má sjá í öðrum skjölum en hann er jákvæður.

Hafragrautur var í boði fyrir alla frá 7:50-8:15. Allir nemendur fá ávexti í nestisstund á morgnanna.

Byrjendalæsi

Borgarhólsskóli hefur verið í þróunarverkefninu Byrjendalæsi frá árinu 2010. Vorið 2012 lauk helmingur kennara á yngsta stigi tveggja ára þróunarvinnu í BL. En hinn helmingur kennara á yngsta stig færir yfir á seinna ár í þróunarverkefninu/náminu.

Árið 2017 – 2018 starfa allir kennarar á yngsta stigi samkvæmt aðferðum BL. sem ganga, í fáum orðum, út á að;

- Lestur, ritun, tal og hlustun eru samofnir þættir sem unnið er með á heildstæðan hátt.
- Unnið er með merkingarbær viðfangsefni sem byggja á gæðatexta.
- Byggir á markvissri samvinnu og samskiptum nemenda í námi.
- Einstaklingsmiðun í kennslu, stigskiptur stuðningur við nám.
- Markviss kennsla aðferða sem styður við lesskilning og fjölbreytta ritun.
- Nám án aðgreiningar, einstaklingsþörfum mætt innan nemendahópsins.

Það er stefna Borgarhólsskóla að unnið sé eftir aðferðum Byrjendalæsis á yngsta stigi. Stefnt er að því að kennarar yngsta stigs sækji námskeið á næsta skólaári til að allir hafi lokið Byrjendalæsi. 2 kennarar munu að auki sækja sér nám í leiðtogafræðum Byrjendalæsis.

Heilsueflandi skóli

Í heilsueflandi skólum fer fram skólastarf í anda heilsueflingar þar sem markvisst er unnið að því að efla og stuðla að velferð og góðri heilsu nemenda og starfsfólks. Sjá nánar um verkefnið á heimasíðu landlæknis <http://www2.lydheilsustod.is>.



Yndislestur

Nú höfum við síðustu fjögur ár haft yndislestur í öllum bekkjum á hverjum degi. Það hefur gefist ágætlega en mikil umræða spratt upp í vor um breytingar á því.

Sameiginlegir atburðadagar

Skólabyrjun: Skólastarf hófst með stuttri samveru vestan við skólann kl.16.00 þriðjudaginn 22.ágúst. Eftir ræðu skólastjóra fóru nemendur með umsjónarkennurum til stofu og fengu þar upp-lýsingar fyrir veturinn s.s. stundskrá, innkaupalista og fleira. Fyrsti skóladagurinn var daginn eftir 1.bekkur byrjaði skólaárið á samtölum við alla foreldra 23. og 24. ágúst og voru þess í stað í hefðbundnu starfi 2.október þegar aðrir voru með viðtöl.

Salur: Allir bekkir sjá um dagskrá á sal einu sinni á skólaárinu. Lögð er mikil vinna í undirbúning og stendur skemmtunin yfir í 30 mínútur. Umsjónarkennarar bekkja sjá um að undirbúa nemendur og aðstoða þá við salaruppákomur.

Markmið með samkomum á sal eru að:

- örva samkennd og efla sjálfsvitund
- glæða skapandi hugsun og fræðast
- styrkja siðvit og gleðjast saman

Markmiðunum ætlum við að ná með því að:

- undirbúa nemendur sem sýna á sal og gefa öllum tækifæri til þátttöku
- þjálfa nemendur í að hlusta og virða þá sem koma fram
- sýna almenna háttvísi og syngja saman
- láta gesti finna að þeir eru velkomnir

Göngudagurinn

Göngurdagur var haldinn 12. september 2018 en þá gengu nemendur skólans fyrirfram ákveðnar gönguleiðir, miskrefjandi eftir aldri nemenda.. Markmið göngudagsins falla vel að grunnþáttum menntunar í heilbrigði og velferð en þar er lögð áhersla á að leiðbeina nemendum um að temja sér heilbrigða lífshætti og ábyrga umgengni við líf og umhverfi. Markvisst hreyfiuppeldi leggur grunn að líkamlegri, andlegri og félagslegri færni nemenda.

- 1. bekkur – sund
- 2.-3. bekkur - fjallið, leikið í skóginum og einnig var farið á íþróttavöllinn þar sem farið var í ýmsa leiki.
- 4.-5. bekkur - Göngutúr að sjóböðum þar sem við stoppuðum og borðuðum nesti og gengum síðan upp í skóg.
- 6.-7. bekkur - Gengið var upp á Húsavíkurfjall og þar borðuðu nemendur nesti. Síðan var gengið til baka.
- 8.-10. bekkur - Gengið var frá Hólmatungum niður í Vesturdal.

Jól í skókassa

Haustið 2017 var verkefnið Jól í skókassa framkvæmt í áttunda sinn í samstarfi við KFUM og KFUK á Íslandi. Skókössunum er dreift til fátækra barna í Úkraínu.



Markmið með þátttöku í jól í skókassa eru:

- efla samkennd – umburðarlyndi og samúð
- efla skilning barna og fullorðinna á kjörum annarra
- láta gott af sé leiða og gleyma ekki þeim sem minna mega sín

Verkstæðisdagur

Frá örófi alda hefur ríkt sú skemmtilega hefð í Borgarhólsskóla að hafa verkstæðisdag fyrir jólin. Í ár var engin breyting þar á og dagurinn var hátíðlegur að vanda. Tíundi bekkur hélt opnu kaffihúsi í salnum þar sem hægt var að kaupa kakó/kaffi og með því. Þau seldu einnig heimagerðan brjóstsykur. Tónlistaratriði voru í höndum nemenda og kennara Tónlistarskólans. Verkstæðisdagurinn hófst kl. 8.15 og var til 12.00. Ekki er hefðbundin kennsla þennan dag.

Um mismunandi föndurverkefni var að ræða í hverri kennslustofu. Við leitumst við að vera umhverfisvæn og hugmyndarík.

Markmið með verkstæðisdegi:

- efla sköpunarhæfni og sköpunargleði
- styrkja tengsl heimilis og skóla.

Litlu jólin

Litlu jólin voru 20. desember

Á litlu jölunum byrja nemendur inni í skólastofu hjá umsjónarkennara þar sem lesin er jólasaga, spjallað og spilað. Síðan fara nemendur í salinn og dansa í kring um jólatré. Jólasveinarnir úr Dimmuborgum heimsóttu okkur við mikinn fögnuð.

Útivistardagur

Ekki var haldinn eiginlegur útivistardagur þetta skólaárið.

Skólalok

Ávallt skal hafa í huga að skólaganga er samfelld en ekki 10 aðskilin ár. Við fórum í sumarleyfi 7.júní og kvöldum veturinn í Íþróttahöllinni klukkan 14.00. Þar söng Stúlknakór Húsavíkur og tveir nemendur lásu ljóð en þeir höfðu lent í 1 og 2 sæti í Stóru Upplestrarkeppninni. Tíundi bekkur var útskrifaður á sal Borgarhólsskóla mánudaginn 4.júní við hátíðlega athöfn.

Nefndir og ráð

Foreldrafélag Borgarhólsskóla

Foreldrafélag skólans var endurreist og kosin ný stjórn eftir langan dvala. Í stjórn sitja

Formaður. Eysteinn Heiðar Kristjánsson

Varaformaður. Huld Hafliðadóttir

Gjaldkeri. Katrín Laufdal

Ritari. Rakel Dögg Hafliðadóttir



Meðstjórnendur. Hreiðar Másson situr einnig í Skólaráði

Hallgrímur Jónsson

Katrín Ragnarsdóttir

Félagið hefur í vetur unnið að starfsáætlun félagsins og m.a. lagt könnun fyrir foreldra hvað þeir vilji að félagið beitti sér fyrir.

Veðurráð

Hlutverk ráðsins er að meta aðstæður og opna skóla snemma dags þegar eitthvað er að veðri. Ef skóla er aflýst skal veðurráð mæta til að taka á móti þeim börnum sem mögulega koma. Í ráðinu sátu: Pálmi, Halla Rún og Sveinn

Öryggisráð

Öryggistrúnaðarmenn eru kosnir af samstarfsmönnum sínum, óháð stéttarfélagi, til að sinna vinnuverndarstarfi innan vinnustaðar (þar sem fjöldi starfsmanna er tíu eða fleiri). Þeirra helsta hlutverk er að fylgjast með því að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað séu í samræmi við vinnuverndarlögin og reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum og taka þátt í gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað (áhættumats).

Verkefni öryggisráðsins hafa meðal annars verið:

- Að búa til öryggisáætlun og um hollustuhætti
- Að kynna neyðaráætlanir fyrir starfsfólki
- Fara yfir hvers konar búnað í stofnuninni sem tengist starfsemi ráðsins, s.s. slökkvitæki og annan búnað.
- Endurmeta þörf fyrir hvers konar búnað, s.s. hjartastuðtæki.
- Kanna þörf á námskeiðum fyrir starfsfólk, s.s. skyndihjálparnámskeið.

Sveinn og Rakel eru öryggisverðir skólans og Íris og Hjálmar Bogi öryggisfulltrúar.

Ruslateymi

Stofnað var teymi til að fara yfir flokkunarmál í skólanum. Teymið fór yfir þarfir og hvað þyrfti að vera til staðar. Breytingar voru gerðar hjá nemendum í 1.-7.bekk ásamt því að fara yfir flokkunarmál á kaffistofu starfsfólks. Í teyminu sátu: Elsa Björk, Elín, Helga Björg, Halla Rún og Harpa.

Sjálfsmatsteymi

Samkvæmt grunnskólalögum ber skólum skylda til að framkvæma sjálfsmat. Hverjum skóla er ætlað að innleiða aðferðir til að meta ólíka þætti skólastarfsins, s.s. kennslu, stjórnun, samskipti og tengsl. Áhersla er lögð á það að sjálfsmatið sé sjálfsagður hluti skólastarfsins, unnið jafnt og þétt og ekki íþyngjandi. Á hverju hausti fær skólastjóri 2-3 kennara, til að sitja í sjálfsmatsnefnd. Nefndin fundar að lágmarki 10 sinnum á önn, stýrir vinnunni við sjálfsmatið og kallar aðra til sem málið varðar. Lögð er áhersla á það að þessi vinna sé stöðug, einföld og hluti af stofnanamenningu Borgarhólsskóla. Þessi vinna hefur ekki verið sem skyldi og þarf að endurskoða vel leiðir og tímaramma.

Skólaráð

Með gildistöku **laga nr. 91** um grunnskóla frá 12. júní 2008 koma skólaráð í stað foreldraráða. Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í



stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn;

- 2 kennarar
- 2 nemendur
- 2 foreldrar
- 1 starfmaður skóla
- 1 úr grenndarsamfélaginu/eða foreldri
- Skólastjóri

Nýtt skólaráð hefur störf haust 2019 .

Nemendaverndarráð/Eineltisteymi

Með gildistöku **laga nr. 91** um grunnskóla frá 12. júní 2008 er kveðið á um að skólastjóri setji á laggirnar nemendaverndarráð sem sjái um málefni einstakra nemenda er lúta að sérfræðiþjónustu, námsráðgjöf og skólaheilsugæslu. Jafnframt skuli stuðla að samráði við félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags og barnaverndaryfirvöld vegna málefna nemenda eftir því sem þurfa þykir. *Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur.* (Reglugerð nr. 584, 17. gr. 2010). Nemendaverndarráð starfar einnig sem eineltisteymi.

Nemendaverndarráð skipar skólastjóri, deildarstjórarar, náms- og starfsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur og starfsmaður skólaþjónustu. Nemendaverndarráð fundar á tveggja vikna fresti og er á forræði deildarstjóra stoðþjónustu.

Reglugerð mennta- og menningarmálaráðherra frá 25. júní 2010, um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum, lýsir nánar starfsemi nemendaverndarráða grunnskóla.

Nemendaverndarráð Borgarhólsskóla

Anna Harðardóttir, Díana Jónsdóttir, Elsa Skúladóttir, Hjálmar Bogi Hafliðason, Ingibjörg Sigurjónsdóttir, Kolbrún Ada Gunnarsdóttir og Þórgunnur Reykjalín Vigfúsdóttir.

Áfallaráð

Í áfallaráði sitja skólastjóri, skólahjúkrunarfræðingur og deildarstjórar.

Nemandateymi

Misjafnt er hverjir sitja í nemandateymi. Alla jafnan umsjónarkennari, stjórnandi og foreldrar.



Samstarf skólans við aðrar stofnanir

Grænuvellir

Leik – og grunnskóli vinna markvisst saman með það að leiðarljósi að brúa bilið á milli leik- og grunnskóla. Unnið er eftur verkáætlun sem felst í heimsóknum á báða bóga nokkrum sinnum yfir skólaárið. Vorskóli 5 ára barna var 16.-18. maí frá 13.30 – 15.00. Umsjón með vorskólanum var í höndum komandi teymis Elínu Pálmadóttur umsjónarkennara, Kristjönu Eysteinsdóttur umsjónarkennar og Jakobínu Gunnarsdóttur stuðningsfulltrúa.

Tónlistarskóli Húsavíkur

Samstarf Tónlistarskóla Húsavíkur og Borgarhólsskóla, áður Barnaskóla Húsavíkur á sér sögu allt frá árinu 1972, þegar Tónlistarskólinn fluttist inn í húsnaði í eigu Barnaskólans. Í kjölfar þess að skólarnir störfuðu undir sama þaki var farið af stað með verkefni þar sem nemendur barnaskólans voru teknir út úr tímum. Í kjölfar þess jókst aðsókn að tónlistarnámi verulega. Ljóst varð að ekki var mögulegt að veita öllum þeim nemendum þjónustu sem eftir því leituðu nema eitthvað nýtt kæmi til í skipulagi tónlistarnáms. Til þess að bregðast við aukinni eftirspurn var farið af stað með verkefnið Hljóðfæranám fyrir alla 1992 í samstarfi Tónlistarskólans, Leikskólans og Barnaskólans.

Markmiðið með verkefninu *Hljóðfæranám fyrir alla* var að koma á markvissu tónlistaruppeldi fyrir aldurshópinn 3-9 ára með samvinnu um og samræmdri tónlistarkennslu í leikskóla, tónlistarskóla og grunnskóla.

Verkefnið fólst í því að:

- Vinna að gerð sameiginlegrar námskrár í tónlistarfræðslu fyrir aldursskeiðið 3-9 ára.
- Þróa og afla þekkingar í viðkomandi stofnunum á kennsluaðferðum sem gerðu það mögulegt að bjóða heilum bekkjardeildum uppá hljóðfæranám sem hluta af samfelldri stundaskrá.
- Nota og þróa samþætt kennsluefni í tónlistar forskóla, tónmenntarkennslu og hljóðfæranámi. Segja má að settum markmiðum hafi verið náð. Námskrá var unnin í samræmi við fyrirbyggjandi námskrá grunnskólans og þau gögn sem til voru á þeim tíma um faglegt starf leikskóla og tónlistarskóla. Aðalnámskrá tónlistarskóla leit ekki dagsins ljós fyrr en árið 2000. Helsta áskorunin í verkefninu hefur verið að stuðla að þróun faglegs starfs og hópkenndu í tónlist. Fjölmörg námskeið voru haldin fyrir tónlistarkennara og leikskólakennara. Unnið var sameiginlegt kennsluefni byggt á þeirri tónlist sem notuð var til kennslu í leikskólanum og tónmenntakennslu grunnskólans. Vandað var til við gerð kennsluefnisins en reynslan af því hefur verið mjög góð og er það ennþá í notkun hér á Húsavík og víðar á landinu.

Skipulag samstarfsverkefna

Hópkennsla er forsenda þess að hægt sé að veita öllum börnum tónlistarkennslu.

1. bekkur

Öll 6 ára börn fá 60 mín. kennslu á viku hálfur bekkur í senn. Kennt er námsefni samið af Hólmfríði Benediktsdóttur tónlistarkennara.

2. bekkur

Í öðrum bekk er kennt á blokkflautu tvisvar 30 mín á viku, 4-6 börn í hóp. Kennsluefnið fyrir blokkflautu og í tónfræði hefur verið samið af kennurum skólans sérstaklega fyrir verkefnið og bækurnar



búnaðar til í tónlistarskólanum. Nemendurnir koma allir fram á tónleikum og taka próf í tónfræði. Til viðbótar hefur verið tónmenntakennsla einu sinni í viku.

Í öðrum bekk læra nemendur allan hefðbundinn grunn í tónlistarnámi. Lögð er áhersla á að nemendur æfi sig heima og að framvinda nemenda geti verið mjög breytileg án þess að það valdi vandræðum innan hópsins sem heild. Náms efnið er með fjölbáða útsetningar sem gefur færi á að nemendur geti verið að takast á við mis erfið verkefni. Nemendur koma fram á tónleikum skólans í það minnsta tvisvar yfir skólaárið.

3. bekkur

Í þriðja bekk fá börnin kennslu á hljóðfæri að eigin vali tvisvar 30 mín á viku, 2-4 saman í hóp. Við kennsluna er mikið notað kennsluefni sem samið hefur verið í tengslum við verkefnið. Börnin koma fram á tónleikum hvert og eitt eða saman í hóp og taka tónfræði próf að vori. Tónmenntakennsla kemur þessu til viðbótar.

Markmiðið með þessu verkefni er að öllum börnum gefist tækifæri til að læra á hljóðfæri að eigin vali. Þau læra nótalestur og hljóta þjálfun í að koma fram á tónleikum jafnframt því að hlusta á flutning annarra. Reynslan af þessu fyrirkomulagi er góð. Það virðist sem öll börn á þessum aldri hafi áhuga á að prófa að læra á hljóðfæri. Með þessu verkefni er einnig verið að yfirstíga ýmsar félagslegar hindranir varðandi aðgengi að tónlistarnámi auk þess tryggt er meira jafnræði gagnvart skattgreiðendum þar sem tónlistarnámið verður ekki einungis fyrir takmarkaðan hóp nemenda.

4. og 5. bekkur

Í fjórða og fimmta bekk er kennd afrikutónlist- djembe, dans og marimba tvisvar 60 mín á viku heil bekkjardeild í einu. Öll kennsla fer fram eftir eyranu. Tónlistin sem er upprunnin í sunnan verðri Afrikur byggir mikið á þrástefjum sem byggja upp rymtísk spennu með notkun á pólyrítmík. Hljóðfærin eru díatónísk og hljómagrunnurinn er að mestu grunnhljómar í I, IV og V sæti. Hljóðfærin eru stór og gefa nemendum möguleika á að þroska bæði gróf og fínreyfingar. Nemendur koma fram á tónleikum á vegum tónlistarskólans.

Reynslan hefur sýnt að hljóðfærin og tónlistin gefa mjög mikið svigrúm fyrir mismunandi getustig nemenda innan sama hóps. Þannig geta allir verið virkir í samspili þar sem flutt er grípandi tónlist. Nemendur hafa ekki möguleika á að æfa sig heima en þar sem nemendur fá tvo tíma í viku er mögulegt að halda samfellu í náminu og byggja upp færni sem er forsenda þess að áhugi nemenda haldist. Þetta nám uppfyllir kröfur um markmið í tónmenntanámi samkvæmt námskrá grunnskólans jafnframt að vera mjög góður grunnur og stuðnings nám fyrir annað tónlistarnám.

9. og 10. bekkur

Nemendum í unglingadeildum gefst kostur á að velja tónlist sem hluta af vali grunnskólans. Tónlistarval í hóptímum er nemendum að kostnaðarlausu. Nemendur sem kjósa að nýta sér einstaklingsnám í tónlist sem hluta af vali verða að greiða sín skólagjöld sjálfir.



Grunnskólinn á Raufarhöfn

Í tengslum við þróunarverkefnið *Að færa út landamæri getu sinnar og þekkingar* fer 6. bekkur í Borgarhólsskóla í rúmlega sólarhringsferð á Raufarhöfn þar sem nemendur frá Grunnskólanum á Raufarhöfn og Borgarhólsskóla eru saman við leik og störf.

Reykjahlíðarskóli

Í tengslum við þróunarverkefnið *Að færa út landamæri getu sinnar og þekkingar* fer 7. bekkur í Borgarhólsskóla í tveggja sólarhringa ferðalag upp í Mývatnssveit. Borgarhólsskóli skipuleggur dagskrá og fræðslu, ásamt Náttúrustofu. Reykjahlíðarskóli leggur til húsnæði og fæði fyrir alla á meðan á dvölinni stendur.

Náttúruskólinn/Hvalasafnið

Samvinna vegna Hvalaskólans sem er nám fyrir 2. og 5. bekk. Vel hefur gengið að forma námið í 2 og 5. bekk.

Aðrir samstarfsaðilar

- ~ Framhaldsskólinn á Húsavík
- ~ Frístundaheimilið Tún
- ~ Skólaþjónustusvið Norðurþings
- ~ Lögreglan
- ~ Fræðslunefnd Norðurþings
- ~ Félagsmiðstöðin Tún
- ~ Norðursigling – haustsiglingar.

Áfangaskýrsla



Mat á skólastarfi




Markmið

Við lögðum af stað með yfirmarkmiðið að bæta námsárangur. Að því hefur verið unnið t.d. með markvissari yfirferð niðurstaðna úr skimunum, samræmdum prófum og tillögur gerðar að úrbótum. Læsisstefna er fullgerð, notkun á Lesferli góð og almenn.

Umbótaáætlun

Umbótaáætlun hefur verið unnin í takt við ytri úttekt Menntamálastofnunarinnar, sjá framgang hér á næstu blaðsíðum.



Borgarhólsskóli

Umbótaáætlun

Úttekt 2016

2.útg blá 2016-2017

3.útg græn 2017-2018

Stjórnun

Matspáttur	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið/lok	Hvernig mælt	Ábyrgðaraðilar
Stjórnandinn sem leiðtogi	Heimsækja oftari kennslustundir og gefa endurgjöf. Meiri miðlun upplýsinga um árangur nemenda á heimasíðu.	Festa ákveðnar heim-sóknarvikur Hafa ákveðinn fréttaritara Samið við kennara um tvö klst á viku	Vor 2016 Lokið 2017	Starfsáætlun Skoða feis og heimasíðu	Skólastjórn deildarstjóri
Stjórnun stofnunar	Skipurit vantar eftir breytingarnar. Vantar að starfsmenn skrifi undir trúnað.	Gera nýtt skipurit Starfsmenn skrifi undir trúnað og þagnarskyldu	Vor 2018 Lokið	Birt í starfsáætlun á heimasíðu Undirskriftir taldar	Skólastjóri Skólastjóri
Faglegt samstarf	Hafa aðgengilegar á heimasíðu skólans upplýsingar um samskipti við framhaldsskóla	Gera áætlun	Vor 2016 Lokið að hluta Búið að gera verksamning við FSH	Birt á heimasíðu haust 2018	Náms- og starfsráðgjafi



Skólapróun	Setja upp tímasetta símenntunaráætlun	Gera áætlun	Vor 2016- ólokið Haust 2018	Sýnileiki/Birt á heimasíðu Birtist í Starfsáætlun	Skólastjóri
Starfsáætlun og skólanámskrá	Gera námsvísa hluta af skólanámskrá og hafa aðgengilega á heimasíðu.	Gera námsvísa aðgengilega á heimasíðu	Haust 2016-lokið	birting	skólastjórn
	Gæta þess að allir hagsmunaaðilar komi að endurskoðuninni.	Starfsmenn, skólaráð	Haust 2019	Fundargerðir	Skólastjórn
Skóladagur nemenda	Gæta þess að nægur tími sé gefinn í val.	Stundatöflugerð	Vor 2016/lokið	Stundtöflur	Skólastjórn
	Leitast við að hafa fjölbreyttar greinar í vali.	Unnið með kennurum og við stundatöflugerð	Vor 2016/áv-allt	Stundatöflur	Skólastjórn
Verklagsreglur og áætlanir	Heildstæða forvarnaráætlun vantar.	Taka saman áætlun	Haust 2016/lokið að hluta/2018 áfram unnið	Sýnileiki/Birt á heimasíðu	Skólastjórn
	Hafa áætlun um sérkennslu/stuðning aðgengilega.	Endurskoða fyrri áætlun um skóla margbreytileikans		Sýnileiki	Skólastjórn



	Hafa móttökuáætlun fyrir nemendur með sérstakar þarfir.	Vinna áætlun	Jól 2016/lokið að hluta Áætlun er til Haust 2018	Sýnileiki	Skólastjórn
Skólaráð/foreldrafélag	Hafa fundi reglulegar.	Fundarplan sett upp að hausti	Vor 2018	Fundargerðir skólaráðs og foreldrafélags	Skólastjórn
	Leggja fyrir allar áætlanir.	Á fundum skólaráðs	Haust 2016	Fundargerðir skólaráðs og foreldrafélags	Skólastjórn
	Efla foreldrafélagið	Skólastjórn fundi með stjórn Foreldrafélgs og leggi línur að starfsemi með þeim	Haust 2017/öflug stjórn komin til starfa-höfum fundað nokkrum sinnum með þeim.	Fundargerðir skólaráðs og foreldrafélags	Skólastjórn
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	Leita markvisst eftir tillögum foreldra að því sem betur má fara í skólastarfinu.	Skólaráð Efla starf bekkjarfulltrúa	Haust 2016 Starf hafið með könnunum	Fundargerðir skólaráðs og foreldrafélags	Skólastjórn

Nám og kennsla

Matspáttur	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið/lokið	Hvernig mælt	Ábyrgðaraðilar
Inntak og árangur	Tryggja þátttöku allra hagsmunaaðila skólans að gerð skólanámskrár.	Starfmenn, skólaráð	Haust 2016	Fundargerðir	Stjórnendur
	Ljúka gerð námsáætlana fyrir allar námsgreinar og árganga og birta á heimasíðu.	Ljúka gerð námsáætlana fyrir allar námsgreinar og árganga og birta á heimasíðu.	Haust 2016/lokið	Sýnileiki	Stjórnendur og kennarar
	Gæta þess að vekja athygli á fjölbreyttum árangri nemenda og margvíslegum hæfileikum.	Reglulegri fréttir á heimasíðu	Stöðug vinna/betrumbættum 2017	Sýnileiki	Umsjónarmaður heimasíðu
	Vinna markvisst að því að bæta árangur nemenda.	Endurskoða kennsluhætti	Mikil gróska í vetur 16-17/stöðug vinna	Árangur á prófum	Skólastjórn og kennarar



			Stöðugt þó mest til 2019		
Skipulag náms og námsumhverfi	Samræma framkvæmd og umfjöllun um námsmat í námsáætlunum.	Endurskoðun á kennsluáætlunum	Vor og haust 2016	Yfirferð á kennsluáætlunum	Kennarar og skólastjórn
	Gefa nemendum í unglingadeild kost á auknum tíma í valgreinar í frjálsu vali.	Stundatöflugerð	Vor 2016/lokið	Tímar taldir á stundatöflum	Skólastjórn
	Auka val í námi nemenda á miðstigi og yngsta stigi.	Vinnufundur með kennurum	Haust 2016	Skýrsla frá kennurum	Kennarar og skólastjórn
	Koma á reglulegum nemendasamtölum.	Koma á reglulegum nemendasamtölum	Skólaárið 2017-2018	viðtöl	
	Bæta aðstöðu nemenda á skólalóð.	Ályktun frá stjórnendum til Fræðslunefndar	Vor 2016 Ný tæki fyrir eldri nem	Horfa á skólalóðina	Kennarar Skólastjórn/Norðurþing



Kennsluhættir og gæði kennslunnar	Nýta tækifæri sem felast í teymiskennslu og samkennslu árganga til að koma enn betur til móts við ólíka hópa nemenda og til enn fjölbreyttari kennsluhátta.	Vinnufundir í teymum og þvert á teymi	Haust 2016 Stöðug vinna í breyt- ingaferlinu, gengur vel	Skýrsla frá teymum í febrúar 2017	Teymi og skólastjórn
	Stefna að kennsluháttum þar sem lausnamiðuð eða leiðbeinandi kennsla er áberandi. Ljúka gerð námsáætlana fyrir allar greinar í öllum árgöngum.	Vinnufundir í teymum	Vor og haust 2016	Skýrsla frá teymum og yfirferð á kennslu-áætlunum	Teymi og stjórnendur
	Gera skýrari grein fyrir námsmati í námsáætlunum.	Endurskoðun kennsluáætlana	Skólaár 2018-2019	Yfirferð á kennsluá-ætlunum	Kennarar
	Gera nemendum grein fyrir markmiðum stundarinnar.	Kennarar setji í á-ætlanir sínar-rætt á		Skýrsla frá teymum og yfirferð á kennslu-áætlunum	Kennarar



		vinnufundi með teymum	Vor og haust 2016, þetta er gert		
Námshættir og námsvitund	Leita leiða til að auka námsáhuga nemenda á unglingastigi.	Vinnufundur unglingastigsteymis	Haust 2016/batnaði 16-17	Skólapúlsinn	Skólastjórn/kennarar unglingastigs
	Nýta upplýsingatækni í auknum mæli í námi nemenda.	Vinnufundur teyma	Haust 2016/komið af stað og heldur áfram	Könnun	Skólastjórn/kennarar unglingastigs
	Auka val nemenda um námsaðferðir og verkefni.	Vinnufundur teyma	Haust 2016-mikil breyting og nem. ánægðir	Könnun	Skólastjórn/kennarar unglingastigs
Lýðræðisleg vinnubrögð	Auka virkni nemendafélags innan skólans og þátttöku allra nemenda í störfum þess.	Funda reglulega, kenna nemendum að koma sínu á framfæri.	2017	Könnun meðal nemenda	Kennarar unglingastigs
	Tryggja að nemendur séu fullgildir þátttakendur í skólaráði og þeir fái þjálfun til	Kjósa nemendur í ráðið/uppfræða	Lokið fyrir 2016-2017 Lokið		Skólastjóri tryggir rétta framkvæmd



	að sinna hlutverki sínu. Móta verklag um það hvernig upplýsingum er miðlað til allra nemenda um ákvarðanir og umræður í ráðum og nefndum sem nemendur eiga fulltrúa í.	Móta verklag um það hvernig upplýsingum er miðlað til allra nemenda um ákvarðanir og umræður í ráðum og nefndum sem nemendur eiga fulltrúa í.	Vor 2017		Skólastjórnendur
Ábyrgð og þátttaka nemenda	Þjálfar nemendur í að setja sér eigin markmið í námi. Setja fram markmið einstakra stunda eða verkefna í upphafi vinnunnar. Auka enn frekar tækifæri nemenda til að meta eigið nám og framfarir.	Teymiskennsla Vinnufundur teyma Vinnufundur teyma Hæfniviðmiðakerfi nýtt fyrir nem.	Lýkur aldrei 2017 Nýr Mentor vel nýttur-mentorsérfræðingur ráðinn	Markmiðaplögg skoðuð	Kennarar og skólastjórnendur/námsráðgjafi

			sl.vetur til að leiða vinnuna. Áframhald 2018-2019		Skólastjórn, kennarar og verkefnastjóri Mentors
Nám við hæfi allra nemenda	Nemendur taki þátt í að setja sér náms-markmið	markmiðabækur	2017	sýnileiki	Kennarar og náms-ráðgjafi
Stuðningur við nám	Leita leiða til að koma til móts við bráðgera nemendur með krefjandi verkefnum.	Bjóða upp á meira krefjandi verkefni.	Alltaf	Sýnileiki	Kennarar

Innra mat

Matspáttur	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið/lokið	Hvernig mælt	Ábyrgðaraðilar
Kerfisbundið og sam- ofið daglegu skóla- starfi				Mat og ígrundun kennara og annarra starfsmann á eigin starfsháttum er liður í daglegu starfi þeirra. Ekki síst má þar benda á mikla umræðu og ígrundun sem verður á viku- legum fundum teyma. Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram með einhverjum hætti reglulega.	
Markmiðsbundið					

Byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum					
Samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum	Gera áætlun fyrir innra mat líðandi árs og langtímaáætlun (3-5 ár), þar sem skilgreindir eru ábyrgðaraðilar, viðmið og tímasetningar. Gera grein fyrir, og birta á heimasíðu, hvernig skólinn metur markmið skólans sem kemur fram í skólanámskrá. Skipa í matsteymi þar sem fulltrúar allra hagsmunaaðila eiga sæti. Gæta þess, þegar niðurstöður mats liggja fyrir að þær séu kynntar meðal allra hagsmunaaðila.	Gera áætlun fyrir innra mat líðandi árs og langtímaáætlun (3-5 ár), þar sem skilgreindir eru ábyrgðaraðilar, viðmið og tímasetningar. Gera grein fyrir, og birta á heimasíðu, hvernig skólinn metur markmið skólans sem kemur fram í skólanámskrá. Skipa í matsteymi þar sem fulltrúar allra hagsmunaaðila eiga sæti. Gæta þess, þegar niðurstöður mats liggja fyrir að þær séu kynntar meðal allra hagsmunaaðila.	2016	Áætlun birt	Skólastjórnendur

Opinbert					
Umbótamiðað	Greinargerðir um innra mat hvers árs fyrir sig þurfa að vera greinargóðar. Tilgreina þarf í umbótaáætlun aðgerðir, tímasetningu, viðmið og ábyrgðaraðila og einnig hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða. Allir hagsmunaaðilar þurfa að koma að umræðum um umbætur.	Greinargerðir um innra mat hvers árs fyrir sig þurfa að vera greinargóðar. Tilgreina þarf í umbótaáætlun aðgerðir, tímasetningu, viðmið og ábyrgðaraðila og einnig hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða. Allir hagsmunaaðilar þurfa að koma að umræðum um umbætur.	2016 	Sýnileiki áætlana	sjálfsmatsteymi 

Skólastarf og námsaðstæður í skóla án aðgreiningar

Matspáttur	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið/lokið	Hvernig mælt	Ábyrgðaraðilar
Menning og viðhorf	Gera skýrari grein fyrir því hvernig for-eldrar koma að ákvarðanatöku varðandi skólastarf barns síns	Gera skýrari grein fyrir því hvernig for-eldrar koma að ákvarðanatöku varðandi skólastarf barns síns	Vor 2018	Upplýsingar á heimasíðu	deildarstjórar
Námskrá og áætlanir	Gera heildaráætlun um skipulag sérkennslu og stuðnings fyrir yfirstandandi skólaár. Auka aðkomu for-eldra og nemenda að mótun einstaklingsnámskrár. Gera skýrari grein fyrir mati á árangri í einstaklingsnámskrám. Tryggja að einstaklingsnámskrár séu endurskoðaðar		Er til Haut 2016/vinna hafin. Heldur áfram 2018-2019		Deildarstjóri deildarstjóri



	tvisvar til þrisvar yfir skólaárið.		Er gert reglulega		
Upplýsingamiðlun og samskipti	Gæta þess að allir starfsmenn fái nauðsynlegar upplýsingar vegna samskipta við einstaka nemendur. Gera móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir í námi. Tryggja að upplýsingar um skólann séu aðgengilegar óháð tungumáli eða fötlun.	Tryggja að upplýsingar um skólann séu aðgengilegar óháð tungumáli eða fötlun.	2018	Sýnileiki á heimasíðu	Sveitastjórn Norðurbings
Starfshættir	Leita leiða til að nám nemenda sem hafa sérstakar þarfir, fari sem mest fram í í skólastofu með jafnöldrum. Gera grein fyrir hæfniviðmiðum í einstaklingsnámskrám.	Bæta hæfniviðmiðum inn í námskrár.	Ávallt gert erum skóli margbreytileikans	Námskrár skoðaðar	Skólastjórnendur

			Haut 2016/vinna hafin, heldur áfram 2018-2019 með verk- efnastjóra Námsmats og Mentor		
--	--	--	--	--	--

Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl voru framkvæmd á vorönn. Skólastjóri sat öll viðtöl en deildarstjórar sátu viðtöl sem áttu við þeirra svið. Útbúin voru viðtalsblöð og þau send á starfsfólk svo allir hefðu tækifæri á að undirbúa samtalið og velta fyrir sér hvað þeir vildi ræða sérstaklega.

Samræmd próf

Niðurstöðum samræmdrar prófa er safnað saman til að sjá þróun milli ára og árganga. Það nýtist skólanum við gerð umbótaáætlana til að bæta námið.

Skólapúlsinn

Nemendakönnun var lögð fyrir.

Þótt niðurstöður könnunarinnar séu að lang mestu leyti jákvæðar fyrir skólann þá er mikilvægt að halda áfram að bæta starfið. Við þurfum að halda áfram að vinna gegn einelti. Einnig þurfum við að kynna betur fyrir foreldrum hvaða tækifæri þeir hafa til að hafa áhrif á stefnu og starf skólans. Nauðsynlegt er að nota jákvæðar niðurstöður könnunarinnar sem meðbyr og hvatningu til þess að gera betur.

Nemendakönnun var lögð fyrir í þrennu lagi. Heildarfjöldi nemenda í 6.-10. bekk 149. Úrtaksmánuðir skólans voru: september, janúar, maí. Könnunin fer fram rafrænt og er framkvæmd í skólanum. Þá tóku í fyrsta sinn þátt nemendur 1.-5.bekkjar en Skólapúls hefur ekki boðið upp á það fyrr.

Niðurstöður eru mjög ítarlegar og er hægt að nálgast á heimasíðu skólans.

Eineltisáætlun

Við óskuðum eftir úttekt á ferlum okkar og verklagi er varðar vinnu gegn einelti. Mikil og góð vinna fór fram sem leiddi af sér uppfærð vinnublöð og skýrari framsetningu á verkferlunum.

Öryggisrof

Öryggisrof varð þegar nemendur komust í tölvugögn starfsmanna fyrir mannleg mistök tölvufyrirtækis sem skólinn skiptir við. Í kjölfarið voru gerðir nýjir vinnslusamningar, áhættumat og vinnsluskrá fullunnin.

Vegvísir

Í tengslum við sl. kjarasamninga var Vegvísir unninn í takt við bókun fimm. Fræðslufulltrúi setti á fót hóp kennara sem unnu þá vinnu. Niðurstöðu má sjá hér á eftir.

Vegvísir Borgarhólsskóla

Bókun 5

Starfsumhverfi

Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Tímasetning umbóta	Tímasetning endur-mats	Ábyrgðaraðili	Staða 2018
Erfitt fyrir kennara á unglingastigi að þurfa að fara með gögn á milli kennslu-stofa.	Allir kennarar hafa umsjónarstofu og teymi hafi sameiginlegt vinnurými.	Haust 2017	Vor 2018	kennarar	x
Í teymiskennslu er erfitt að vinna að sameiginlegum verkefnum í mörgum tölvum.	Gera áætlun sem gerir ráð fyrir að hver kennari fái fartölvu til umráða.	Haust 2017	Vor 2018	Skólastjóri/sveitarfélag	x
Gardínur gamlar og erfitt að geta ekki lokað sólina úti þegar vorar.	Beiðni liggur hjá eignarsjóði um að gardínur verði endurnýjaðar og sett verði upp myrkvunartjöld eða Screen tjöld í þeim stofum sem þarf.	Þegar hafið	Vor 2018	Skólastjóri/sveitarfélag	x
Of fáir i-padar í teyllum og tækni í kringum þá léleg.	Skilgreina þörf og halda áfram að bæta við i-pöðum í teymi út frá þeirri skilgreiningu. Einnig þarf að bæta tækni í kringum þá (blue-tooth í hljóð og skjávarpa/skjái).	Haust 2017	Árlega að vori	Kennarar/Skólastjóri	x
Tæknimál í skólanum eru ekki í góðum farvegi og þarf að bæta.	Fara yfir og forma betur utanumhald og skipulag tæknimála. Efla einstaka kennara	Haust 2017	Vor 2018	Kennarar/skólastjórnendur	x

	sem leiðtoga í tæknimálum. Nýta betur þjónustuaðilann.				
Húsgögn gömul og komin á tíma.	Halda endurnýjun húsgagna áfram, bæði fyrir nemendur og starfsfólk.	Umbætur yfirstandandi	Árlega að vori	Skólastjóri	x
Námsgögn úrelt og þarfnast endurnýjunar (t.d. í stærðfræði, eðlis- og efnafræði).	Yfirfara námsgögn og endurnýja eftir þörfum.	Vor 2018	Árlega að vori	kennarar	x
skjávarpa vantar í einhverjar stofur.	Halda áfram uppsetningu skjávarpa/skjáa í þær stofur sem vantar.	Umbætur yfirstandandi	Vor 2018	skólastjórnendur	x
Loftræsting í kjallara léleg	Sjá til þess að loftræstikerfi sé yfirfarið og lagað.	Haust 2017	Vor 2018	Húsvörður/sveitarfélag	

Starfið

Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Tímasetning umbóta	Tímasetning endurmats	Ábyrgðaraðili	Staða 2018
Of mikill tími fer í að fylla út lista og greiningarpappíra fyrir sérfræðinga.	Efla þátt skólaþjónustunnar og skipuleggja með henni hvernig staðið skuli að því að sinna þjónustu við sérfræðinga.	Haust 2017	Vor 2018	kennarar/Skólaþjónusta	Breytingar í gangi
Skipulag á símtölum við sérfræðinga má bæta.	Skipuleggja meiri tími til undirbúnings vegna viðtala við sérfræðinga. Kennarar geri ráð fyrir þessum tíma og bjóði ekki upp á að farið sé út fyrir þau tímamörk sem þeir setja.	Haust 2017	Vor 2018	Kennarar	x
Of mikill tími sérfræðinga í að vinna í greiningum í stað þess að vinna með nemendum.	Skilgreina betur verkefni skólaþjónustu og þá sérfræðiþjónustu sem hún bíður upp á. Auka samstarf skólaþjónustu og kennara vegna vinnu með nemendum að lokinni greiningu til þjálfunar.	Haust 2017	Vor 2018	Kennarar/skólaþjónusta	Í farvatni

Mikið álag á umsjónarkennara að vera milliliður á milli sérfræðinga og foreldra.	Fara fram á að sérfræðingar sendi sjálfir póst á foreldra í stað umsjónarkennara.	Haust 2017	Vor 2018	Kennarar	x
Fá úrræði fyrir nemendur sem fylgja ekki markmiðum aðalnámskrár.	Fjölga úrræðum t.d með aukinni verklegri kennslu og auka einstaklingsmiðað nám.	Haust 2017	Vor 2018	Kennarar/skólastjórnendur/sveitarfélag	x
Námsmat og vitnisburður ekki fyllilega samræmdur.	Endurskoða fyrirkomulag námsmats og vitnisburðar og samræma eins og kostur er.	Haust 2017	Vor 2018	Kennarar/skólastjórnendur	Stendur yfir í tengslum við námsamt og Mentor
Námsmarkmið óskýr og ekki samfelld í of mörgum greinum.	Gera námsmarkmið skýrari og samfelld frá 1. bekk upp í 10. bekk.	Vinna hófst 2016	Vor 2018	kennarar	x
Nýtt fyrirkomulag teymis- og samkennslu krefjandi og veldur auknu álagi.	Auka stuðning við kennara í breyttu umhverfi. Sérfræðingur verði fenginn til samstarfs við kennara við innleiðingu nýrra kennsluhátta. Aðstoði jafnframt kennara við praktísk atriði við útfærslu kennslunnar og hvað skuli hafa í huga þegar hópaskipting innan teyma er ákveðin.	Samningar við HA þegar í ferli vegna þessa.	Vor 2019	Skólastjóri/skólaþjónusta.	
Umsjón kennara með lyfjagjöfum nemenda.	Lyfjagjafir séu alfarið á ábyrgð skólahjúkrunarfræðings nema í undantekningartilfellum þegar því verður ekki komið við.	Haust 2017	Vor 2018	Skólahjúkrunarfræðingur	x
Faggreinakennsla í yngri bekkjum.	Færa faggreinakennslu neðar t.d. í ensku og náttúrufræði ef mannaflí leyfir.	Haust 2017	Vor 2019	Skólastjórnendur/kennarar	x
Upplýsingamennt ekki nægilega markviss í núverandi formi.	Ráða kennara sem sinnir kennslu í upplýsingamennt. Efla viðkomandi til að verða einn af leiðtogum kennara í upplýsinga- og tæknimálum.	Haust 2017	Vor 2018	Skólastjóri	x

Stjórnun

Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Tímasetning umbóta	Tímasetning endur- mats	Ábyrgðaraðili	Staða 2018
Stefna skólans í valgreinum ekki nógu skýr og skipulag þeirra og framboð ekki í nógu föstum skorðum.	Mynda hóp sem vinnur að því að gera stefnu skólans skýrari og búa til áætlun til fleiri ára.	Haust 2018	Vor 2018	Deildarstjóri ung- lingastigs	x
Verkaskipting stjórnenda óskýr.	Gera verkaskiptingu skýrari.	Haust 2017	Vor 2018	Stjórnendur	Í ferli
Of mikill tími stjórnenda fer í sinna rekstri, starfsmannahaldi og almennu skipulagi á kostnað faglegrar stjórnunar.	Með aukinni verkaskiptingu leggi stjórnendur meiri áherslu á hlutverk sitt sem faglegir leið- togar.	Vor 2017	Vor 2018	Stjórnendur	
Upplýsingaflæði til og á milli starfsfólks má bæta.	Auka upplýsingaflæði milli starfsmanna, upplýs- ingaskjár og markvissari föstudagspóstar frá stjórnendum.	Haust 2017	Vor 2018	Skólastjóri/ starfsfólk	x
Utanumhald um forfallakennslu ábóta- vant.	Bæta utanumhald um forfallakennslu.	Haust 2017	Vor 2018	Stjórnendur	x
Starfsmenn ekki nógu meðvitaðir um upphaf, stöðu og endi verkefna.	Verkátlanir fylgi öllum verkefnum þar sem skil- greining, umfang og tími þess kemur fram. Þar verði jafnframt dagsettir tímapunktur þar sem farið er yfir stöðu verkefnis.	Unnið með þeim verk- efnum sem ráðist verður í framvegis	Kemur fram í verká- ætlun hvers verk- efnis fyrir sig		